

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Hani, krummi, hundur, svín
Innblástur snaga eftir Ólaf
Pór Erlendsson og Silvíu
Kristjánsdóttur er sóttur í
vel þekktu vísu.
allt



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

3. október 2011
230. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011



Setja upp barnasýningu
Leikfélag Hafnarfjarðar
fagnar 75 ára afmæli.
tímamót 16

Plata frá Tarfinum
Smári Tarfur undirbýr
plötu þar sem hann spilar á
kjöltugítar og syngur með.
fólk 22



Pórsarar féllu í 1. deild
Fram og Grindavík
björguðu sér enn einu sinni
frá falli á lokadegi mótsins.
sport 24

veðrið í dag

HVASST NV-TIL Norðaustan
10-18 m/s og rigning eða slydda
NV-til. Annars víða hæg norðlæg
eða breytileg átt og úrkomulítið.
Kólnandi veður.

VEÐUR 4

Paratabs®
actavis

Vilja afnema lög um erlendar fjárfestingar

Starfshópur iðnaðarráðherra um erlendar fjárfestingar vill skoða hvort leggja skuli af nefnd um erlendar fjárfestingar. Þá verði ákvæði þar um sett í sérlög í stað laga um málaflökkinn. Nánast eingöngu hefur verið fjárfest í áliðnaði.

EFNAHAGSMÁL Skoða á hvort ákvæði um erlendar fjárfestingar verði sett í sérlög og sérstök lög um málaflökkinn verði lögð af. Þetta er á meðal niðurstaða úr vinnu starfshóps iðnaðarráðherra. Þá er til athugunar að leggja af nefnd um erlendar fjárfestingar.

Unnið er að þingsályktunartillögu um málið og byggir hún á skýrslu starfshópsins. Iðnaðarráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra munu leggja tillöguna fram saman.

Aðalsteinn Leifsson, sem var formaður starfshópsins, segir að reglur um erlenda fjárfestingu séu of matskenndar. Eðlilegra væri að hafa ákvæði í sérlögum, svo sem lögum tengdum atvinnuvegum, en að hafa sérstök lög um erlendar fjárfestingar.

“Ef horft er á Norðurlöndin má sjá að erlend fjárfesting er á mun fleiri sviðum en hér.

AÐALSTEINN LEIFSSON
FORMAÐUR STARFSHÓPS
IÐNAÐARRÁÐHERRA

Aðalsteinn segir að forsvarsmenn fyrirtækja sem reynt hafi að sækja sér erlenda samstarfsaðila kvarti yfir því að erfitt sé að fá skýr svör um eftir hvaða reglum og tímatakmörkunum sé unnið. Vanda verði stjórnsýsluna betur og afnema óvissu. Hún fæli fjárfesta frá.

„Við verðum að vanda okkur betur í stjórnsýslunni og menn

þurfa að geta gengið að skýrum reglum. Það á ekki að gefa neinn afslátt af reglunum en menn verða að vita að hverju þeir ganga.“

Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi hefur í gegnum tíðina svo til eingöngu verið bundin einstökum verkefnum í áliðnaðinum. Aðalsteinn segir nauðsynlegt að auka fjölbreytni þeirra verkefna sem erlendir aðilar fjárfesti í og fjárfestingar að utan eigi að vera reglulegar.

„Ef horft er á Norðurlöndin má sjá að erlend fjárfesting er á mun fleiri sviðum en hér; dreifist yfir mismunandi þjónustu og breiðir úr sér um allt hagkerfið. Hér á landi er þetta bundið, ekki bara við orkufrékan iðnað, heldur beinlínis við álið.“

- kóp / Sjá síðu 10

Gerir það gott í Noregi: Tónleikaröð í sláturhúsi

FÓLK „Þetta er búin að vera mjög mikil vinna en fólk hefur tekið mjög vel á móti þessu,“ segir Edda Magnúsdóttir.

Edda er einn af þremur skipuleggjendum tónleikaraðarinnar Perfect Sounds

Forever sem verður haldin í fyrsta sinn í Bergen í Noregi í október. Tónleikaröðin fer fram í gömlu sláturhúsi sem hefur verið breytt í tónleikastað. Fjórtaán hljómsveitir koma fram á tónleikaröðinni árinu.

„Við erum búin að sækja um mjög mikið af styrkjum og erum búin að fá mikla peninga,“ segir hún ánægð, en styrkirnir nema um fjórum og hálfum milljónum íslenskra króna.



EDDA
MAGNÚSDÓTTIR

- fb / sjá síðu 30

Danir vonast eftir lengra lífi:

Fituskattur tekur gildi

KAUPMANNAHÖFN, AP Svokallaður fituskattur tók gildi í Danmörku á laugardaginn. Hann er lagður á matvæli á borð við smjör og olíu með það fyrir augum að draga úr neyslu á óhollum mat.

Samkvæmt þessum nýju lögum leggjast sextán danskar krónur, sem jafngilda 330 íslenskum krónum, á hvert kíló af fitu í matvælum og verða hamborgarar og smjörpakkar á meðal þess sem hækkar í verði. Lögín voru samþykkt með miklum meirihluta á danska þinginu í mars í von um að auka lífslíkur Dana.

Skattur hefur verið lagður á sætindi og gosdrykki um hríð í Danmörku og nokkrum öðrum Evrópuríkjum. Danir eru hins vegar fyrstir til að skattleggja fituríkan mat sérstaklega.

- fb



OFBELDID Á BROTT Dagur baráttu fyrir tilveru án ofbeldis var haldinn í gær. Fjöldi fólks kom saman á Klambartúni í gærkvöldi með kerti í hendi og bjó til mannlegt friðarmerki í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Biðlistar hafa myndast eftir séraðstoð frá borginni við þrif á illa hirtum heimilum: Komast ekki í rúmið fyrir rusli

SAMFÉLAGSMÁL Erilsamt hefur verið hjá teymi sem borgaryfirvöld settu saman í fyrra til að hreinsa til á heimilum þar sem umgengni og hreinlæti er verulega ábótavart.

„Biðlistar mynduðust til dæmis í sumar og þá höfðu starfsmenn vart undan við að komast yfir allt saman,“ upplýsir Sigrún Ingvarsdóttir, deildarstjóri hjá heimaþjónustu Reykjavíkur.

Að sögn Sigrúnar eru málin sem koma inn á borð teymisins ólík að umfangi. „Stundum þarf að henda endurvinnanlegum umbúðum, þvo þvott eða fara með bíl sem hefur staðið lengi bilaður í viðgerð. Í erfiðustu tilfellum hefur kannski ekki verið farið lengi út með sopp eða hreinsað kringum gæludýr og svo mikið drasl safnast að fólk sefur ekki

lengur í eigin rúmi fyrir plássleysi.“

Sigrún tekur fram að í sumum tilvikum séu málin teyminu hreinlega ofvaxin. Eins og þar sem fíkniefna er neytt. „Við höfnum einfaldlega slíkkum málum þar sem viðbúið er að allt fari í sama horf á skömmum tíma og svo tókum við heldur ekki í mál að setja starfsmenn í hættu.“

- rve / sjá Allt í miðju blaðsins

Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð
úr Bygg- og Hveitigrösom

Asphalia
for natural
sleep

Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum



Ólafur, hefur ekki alltaf blundað smá vikingur í þér?

„Jú, ég er vikingur.“

Ólafur Þórðarson hefur tekið við þjálfun knattspyrnuliðs Víkings í Reykjavík.

Fulltrúi í stjórnlagaráði er ósammála túlkun forseta Íslands á tillögum ráðsins:

Vægi forsetaembættis álíka og verið hefur

STJÓRNARSKRÁ Eiríkur Bergmann Einarsson, fulltrúi í stjórnlagaráði, er ósammála túlkun Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, á tillögum stjórnlagaráðs með tilliti til embættis forseta Íslands. Eiríkur segir embættið hafa álíka vægi í tillögum ráðsins og verið hafi.

Í ræðu sinni við þingsetningu á laugardag sagði Ólafur Ragnar að tillögur stjórnlagaráðs færðu embætti forseta aukna ábyrgð, embættið yrði mun valdameira en áður. Þá hvatti Ólafur til þess að afstaða núverandi Alþingis

til tillagnanna yrði skýrð áður en forseta kosningar færu fram í júní. Í ræðu sinni benti Ólafur á að samkvæmt tillögnum þyrfti forseti að samþykka val á dómurum og ríkis-saksóknara. Þá skyldi sérstakur fulltrúi forseta gegna formennsku í nefnd sem metur



EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

hæfni umsækjenda um önnur æstu embætti hins opinbera. Þá sagði Ólafur hlutverk forseta við myndun ríkisstjórna verða sjálfstæðara en áður.

„Þessi túlkun fellur ekki alveg að því sem við lögðum upp með; að vægi og meginhlutverk forsetaembættisins yrði áþekkt því sem er núna. Ég held að okkur hafi tekist ætlunarverkið þótt embættið sé með breyttu sniði í tillögnum,“ segir Eiríkur og bætir við að í tillögnum sé stjórnarmyndunin í raun færð inn í þingsal og frá Bessa-

stöðum. Val forsætisráðherra byggir á meirihlutasamkomulagi á Alþingi en ekki sjálfstæðu mati forsetans.

Loks segir Eiríkur að ekki eigi að koma á óvart að stjórnsmálsmenn og aðrir kappkosti núna að túlka tillögur ráðsins eftir eigin höfði. Hann vill þó ekki beintengja þau ummæli við orð forsetans heldur einfaldlega hvetja til þess að þjóðinni verði sýnd sú virðing að þessar tillögur verri ræddar á forsendum þeirra sjálfra en ekki afbakana.

- mþl

Ný gögn í Geirfinnsmáli:

Dagbækur bera sakleysi vott

DÓMSMÁL Dagbækur Tryggva Rúnars Leifssonar, einn sakborn-inganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, hafa nú verið gerðar opinberar, tveimur árum eftir að hann lést. Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur, sem hefur ekki fyrir tjáð sig opinberlega um þessi umdeildu dómsmál, segir það vera sláandi við þessar dagbækur að þær séu skrifaðar eins og þar tali saklaus maður.

„Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er ekki bara æskilegt heldur nauðsynlegt að taka þetta mál upp og rannsaka það,“ sagði Gísli í viðtali á Stöð 2 í gær.

- ha



HERJÓLFUR Skipið Herjólfur er komið aftur til Vestmannaeyja.

Snýr aftur heim úr slipp:

Herjólfur siglir á nýjan leik

SAMGÖNGUR Herjólfur kom til Vestmannaeyja í gær eftir að hafa verið í slipp í Óðinsvéum í Danmörku vegna viðhalds. Siglingar skipsins hefjast í Þorlákshöfn í dag kl. 8. Breiðafjarðarferjan Baldur hefur leyst Herjólf af en því lýkur í dag. Síðustu tvær ferðir Baldurs í gærkvöldi féllu niður vegna veðurs og sjólags á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar. Vegna stærðar og þyngdar Herjólf þarf hann meira dýpi í mynni Landeyjahafnar en Baldur. Hann mun því ekki sigla þangað heldur til Þorlákshafnar alla þessa viku.

- fb

Erfitt að lækka verð lóða í Reykjavík

Hlutfall lóðaverðs í byggingarkostnaði fjölbýlishúsa er fjórfalt hærra nú en árið 2006. Það er á svipuðum slóðum og síðla árs 2007. Sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka segir hátt lóðaverð geta leitt til skorts á íbúðamarkaði.

FASTEIGNIR „Við erum um þessar mundir að láta kanna lóða- og fasteignamarkaðinn á eigin spýtur. Ég get hins vegar hvorki sagt af né á hvort lóðaverðið muni breytast,“ segir Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri á Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar.

Davíð Stefánsson, sérfræðingur á greiningardeild Arion banka, hélt á fimmtudag erindi um stöðu og horfur á fasteignamarkaði. Hann benti á að á árum áður hefði lóðaverð verið mjög lágt, nánast ókeypis, og afar lítil hluti af byggingarkostnaði. Síðastliðin fimm ár hefði lóðaverð fyrir sérþýli tvöfaldað, farið úr því að vera í kringum tíu prósent af byggingarkostnaði í tuttugu. Á sama tíma hefði lóðaverð fjölbýlishúsa farið úr fjórum prósentum í sautján. Það er rétt rúmlega fjórföldun á fimm árum. Þetta telur Davíð á meðal þess sem

skýri að nýbyggingar eru nær engar um þessar mundir og geti leitt til skorts á íbúðamarkaði í lok árs 2013.



DAVÍÐ STEFÁNSSON

Davíð sagði litla sem enga aðlögun hafa átt sér stað á markaðnum þrátt fyrir hrúnið, lóðaverð stæði á svipuðum stað. Dæmi um slíkar lóðir eru í Úlfarsárdal. Þar er lóð fyrir þrjátíu íbúða fjölbýlishús við Urðarbrunn sem verðlögð er á 138 milljónir króna.

„Lóðaverð þarf að lækka. Það er stundum í engum tengslum við þann veruleika sem við búum við í dag. Það eru litlar líkur á að sveit-



MILLJÓNALÓÐ Í LANDI ÚLFARSFELLS Þeir sem keyptu lóðir við Úlfarsfell á árunum 2007 og 2008 hafa fengið að skila þeim eftir efnahagshrúnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lóðir standa utan efnahagsreiknings

Lönd og lóðir til nýbygginga standa utan efnahagsreiknings Reykjavíkurborgar. Þegar lóðir eru seldar er andvirði lóða fært til tekna í efnahagsreikningi borgarinnar. Með sama hætti eru tekjur færðar niður við lóðaskil, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg. Eftir því sem næst verður komist hefur hátt lóðaverð ekki haft áhrif á sölu á síðkastið og greiða verktakar uppsett verð.

arfélög fá það verð sem sett var á lóðirnar fyrir hrún,“ sagði Davíð.

Ágúst bendir á að við verðlagningu lóða árið 2007 hafi annars vegar verið horft til meðalverðs á lóðum í undangengnum lóðaútboðum og hins vegar hvað uppbygging á viðkomandi hverfi kosti. Hluti lóðagjaldsins sé svokallað viðbótargjald sem greiðist ekki nema lóðaréttindi séu framseld innan sjö ára.

Hann bendir á að borgin hafi þurft að taka tillit til mismunandi

hópa lóðarhafa; þeirra sem hafi keypt lóðir á nýbyggingarsvæðum í Reykjavík á árunum 2007 og 2008 og fengið að skila þeim eftir hrúnið og hinna sem hafi keypt lóðir ári fyrir en fá ekki að skila þeim.

„Það hefði verið mjög hastarlegt gagnvart þeim sem greiddu „fullt verð“ fyrir lóðirnar í útboðum og fá ekki að skila þeim að lækka verð- ið á lóðum sem síðar var úthlutað,“ segir Ágúst.

jonab@frettabladid.is

Uppgötvuðu virkni gens: Fundu líkamsklukkugenið

VÍSINDI Vísindamenn við Salk-stofnunina í Bandaríkjunum hafa borið kennsl á gen sem virðist stjórna líffræðilegri klukku mannslíkamans.

Genið hefur á morgnana framleiðslu á ákveðnu prótíni sem líkaminn fylgist með til að vita hvenær hann á að sofa og vaka. Þá örvar það efnaskipti í líkamnanum.

Binda vísindamennirnir vonir við að uppgötvunin geti komið að notum við að skýra hluta af orsökum svefnleysis, öldrunar og sjúkdóma á borð við krabbamein og sykursýki. Þá vonast þeir til að einn daginn verði hægt að gera uppgötvunina gagnýta við meðferð þessara sjúkdóma.

- mþl

George Wright handsamaður:

Morðingi vill ekki framsal

LISSABON, AP Bandaríkjaáðurinn George Wright, sem var nýlega handsamaður í þorpi skammt frá Lissabon í Portúgal eftir áratugi á flóttu, telur að nýtt ríkisfang sitt og nafn eigi að koma í veg fyrir framsal sitt til Bandaríkja.



GEORGE WRIGHT

Wright var dæmdur í 15 til 30 ára fangelsi fyrir morð í New Jersey árið 1962 en strauk eftir sjö ára afplánun. Premur árum síðar tók hann þátt í flugráni. Hann tók upp nýtt nafn, Jose Luis Jorge dos Santos, árið 1991 eftir að hafa kvænt portúgalskri konu og er hann með portúgalskan ríkisborgarétt. Wright vill afplána það sem eftir lifir af dómi sínum í Portúgal.

- fb

Noregur enn úti í kuldunum hjá Kínastjórn, ári eftir að Liu Xiaobo fékk Nóbél:

Eiginkonan enn í einangrun

KÍNA Kínastjórn sýnir enga eftirgjöf, nærri ári eftir að andófsmaðurinn Liu Xiaobo fékk friðarverðlaun Nóbels, hvorki gagnvart norskum stjórnvöldum né eiginkonu verðlaunahafans.

„Það hafa ekki orðið miklar breytingar,“ sagði Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, í heimsókn sinni hér á landi í síðustu viku þegar hann var spurður um stírdleikann í samskiptum Noregs og Kína sem ríkt hefur undanfarið ár.

„Mér sýnist að Kínverjar hafi ákveðið að draga verulega úr stjórnsmálasambandi við Noreg. Við vonumst til að finna einhverjar leiðir til að halda samskiptunum áfram og taka upp aftur þá samvinnu sem áður var á milli okkar. En við verðum bara að taka okkur þann tíma sem þarf í það.“

Liu Xia, eiginkona andófsmannsins, býr enn í íbúð sinni í Peking þar sem henni er haldið í einangrun og hefur lítil samskipti við umheiminn. Lögreglan hefur eftirlit með henni, hún fær hvorki aðgang að síma né interneti og aðeins fáeinir ættingjar fá að heimsækja hana nema. Nóbelsverðlaunahafinn sjálfur afplánar ellefu ára fangelsisdóm fyrir baráttu sína fyrir lýðræði í Kína.

- gb



LÖGREGLAN FYLGIST MEÐ Kínverskur lögreglumaður les blað meðan hann bíður fyrir utan íbúð eiginkonu andófsmannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

20% afsláttur af Biomega vítamínunum



Reykjavíkur Apótek

Bleikur dagar hjá Nova!



**Bleika
slaufan**

Bleika slaufan fylgir með bleikum farsímum hjá Nova til 14. október.

1.000 kr.
símnotkun á
mánuði í
12 mánuði
fylgir þessum
farsíma!

2.890 kr. /12 mán.

Nokia X3-02

**1.000 kr. símnotkun
á mán. í 12 mán. fylgir!**

Stgr.: 32.990 kr.



5.290 kr. /18 mán.

Nokia N8

Stgr.: 84.990 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**
NOVA

GENGIÐ 30.09.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	117,83	118,39
Sterlingspund	183,70	184,60
Evra	159,01	159,89
Dönsk króna	21,365	21,491
Norsk króna	20,139	20,257
Sænsk króna	17,163	17,263
Japanskt jen	1,5327	1,5417

SDR 183,89 184,99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,5985

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir mánuðir á skilorði:

Réðst á stúlkur á veitingastað


DÓMSMÁL Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast á tvær stúlkur á veitingastað. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi manninn fyrir brotið, sem átti sér stað í janúar á síðasta ári.

Stúlkurnar hlutu nokkur meiðsl er maðurinn réðst að þeim.

Önnur þeirra fékk áverka í andlit þegar maðurinn sló hana. Hin rifbrotnaði og fékk fleiri áverka þegar hann hrinti henni niður stiga. Hann var dæmdur til að greiða annarri stúlkunni 150 þúsund krónur í skaðabætur og hinn 250 þúsund.

- jss

LEIÐRÉTT



Þrjú númer féllu niður í krossgátu Fréttablaðsins um helgina. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir þá voru það 20 lóðrétt en þar var vísbendingin: Sending sem enginn vill fá styrkir og skiptir skjá (12), 26 lárétt þar sem vísbendingin var: Skrifu mín ljóð sjálf því ég vinn ekki með öðrum (7) og 28 lárétt en þar var vísbendingin: Axlaði hirsu fyrir flösku og glös. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Átök við lögreglu í New York eftir hálf mánaðar mótmælaaðgerðir gegn kaupsýsluvaldinu:

Hundruð manna handtekin um helgina

BANDARÍKIN, AP Meira en sjö hundruð manns voru handtekin á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags á Brooklyn-brú í New York þegar til átaka kom við lögreglu, hálfum mánuði eftir að dagleg mótmæli hófust gegn kaupsýsluvaldinu á Wall Street. Mótmælendur voru engu að síður mættir niður á Wall Street í gær, staðráðnir í að halda áfram aðgerðum sínum.

Handtökurnar voru gerðar þegar hópar mótmælenda fóru út fyrir þá leið sem lögreglan hafði heimilað þeim að ganga á laugardag. Margir mótmælenda segja lögreglu hafa

sett gildru fyrir mótmælendur, því ekki hafi allir gert sér grein fyrir því hvar leyfilegt hafi verið að mótmæla og aðrir hafi einfaldlega hrakist út af leið. Lögreglan segist hins vegar ítrekað hafa bent fólki á að halda sig innan leyfilegra marka.

Mótmælendur hafa komið saman daglega síðustu tvær vikur til að mótmæla græðgi kaupsýslumanna og krefjast úrlausna fyrir þá sem fóru illa út úr kreppunni. Um 200 manns hafa hafst við á Wall Street en halda reglulega í kröfugöngu um götuna og hrópa: „Svona lítur lýðræðið út.“

- gb



MÓTMÆLENDUR Á WALL STREET
Hundruð manna hafa hafst við í miðju fjármálaverfis New York dag og nótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Thorning-Schmidt myndar nýja stjórn

Sósíaldemókrataflokkurinn, Sósíalíski þjóðarflokkurinn og Róttæki flokkurinn hafa náð samkomulagi um myndun nýrrar minnihlutastjórnar í Danmörku. Fallið verður frá hátekjuskatti en útlendingalögin verða milduð nokkuð.

DANMÖRK Helle Thorning-Schmidt gekk í gær á fund Margrétar Danadrottningar og skýrði frá því að nýtt ríkisstjórnarmynstur lægi fyrir. Sósíaldemókrataflokkurinn, sem hún er í forsvari fyrir, hefur gert stjórnarsáttmála með Sósíalíska þjóðarflokki og Róttæka flokknum.

Sjálf verður Thorning-Schmidt forsætisráðherra, fyrsta konan í sögu Danmerkur sem gegnir því embætti, en Margrethe Vestager, leiðtogi Róttæka flokksins, verður efnahags- og innanríkisráðherra og Villy Søvndal, formaður Sósíalíska þjóðarflokksins, verður utanríkisráðherra.

Thorning-Schmidt ætlar ekki að skýra opinberlega frá efnisatriðum stjórnarsáttmálans fyrr en í dag. Danskir fjölmiðlar höfðu þó komist á snoðir um nokkur helstu atriði sáttmálans. Meðal annars fullyrða þeir að stjórnin ætli að setta sig við breytingar fráfarandi stjórnar á eftirlaunakerfi landsins, þannig að smám saman verði fallið frá því fyrirkomulagi að fólk geti komist á eftirlaun þegar það verður sextugt í stað þess að bíða til 65 ára aldurs, þegar ellilífeyrisréttur tekur við.

Að kröfu Róttæka flokksins verður fallið frá hátekjuskatti sem sósíaldemókratar og sósíalistar höfðu boðað fyrir kosningar. Ekkert verður heldur úr húsnæðisþakka sem Sósíaldemókratar lofuðu til að ýta undir fasteignaviðskipti.

Aftur á móti verður útlendingum gert auðveldara að flytja til Danmerkur en hin umdeilda 24 ára regla verður þó ekki felld niður.



HELLE THORNING-SCHMIDT Ný stjórn verður tilbúin þegar nýtt þing kemur saman á morgun.

NORDICPHOTOS/AFP

Þetta verða erfiðir tímar sem við þurfum að fara í gegnum næstu árin.

HELLE THORNING-SCHMIDT
FORSÆTISRÁÐHERRA DANMERKUR

Einnig verða gerðar breytingar á skattkerfinu og skilgreind verða opinber fátæktarmörk, svo nokkuð sé nefnt af áformum nýju stjórnarinnar.

„Þetta verða erfiðir tímar sem við þurfum að fara í gegnum næstu árin. En við getum gert Danmörku nútímalegri,“ hafði dagblaðið Berlingske Tidende eftir Thorning-Schmidt í gær.

Í fréttaskýringu danska ríkisútvarpsins er stjórnin sögð vera

mynduð á „rauðum grunni með bláum röndum“, þar sem frjálslýndur miðjuflokkur verður í stjórn með vinstriflokkunum tveimur.

Samtals hafa þessir þrjú flokkar ekki meirihluta á þingi og þurfa því stuðning annarra flokka til að koma málum í gegn. Vinstra megin hafa þeir stuðning af Einingarlistanum en um sum mál þurfa þeir væntanlega stuðning hægriflokksins Venstre, sem var í forystu fyrir síðustu ríkisstjórn.

Þar njóta þeir samkomulags sem Róttæki flokkurinn og Venstre gerðu með sér skömmu fyrir kosningarnar um að hafa náð samstarf eftir kosningar jafnvel þótt annar flokkurinn kæmist í stjórn en hinn yrði í stjórnarandstöðu.

gudsteinn@frettabladid.is



GRÁTUR Ung stúlka í úthverfinu Malabon, norður af Manila, grætur í fanginu á móður sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fellibyljir á Filippseyjum:

Að minnsta kosti 59 létust

MANILA, AP Að minnsta kosti 59 manns hafa látist af völdum tveggja fellibylja sem hafa gengið yfir norðausturhluta Filippseyja. Fellibylurinn Nesat gekk yfir landið á föstudag. Að minnsta kosti 56 manns létust og 28 er saknað af hans völdum. Annar fellibylur, Nalgae, gekk yfir landið á laugardag og banaði að minnsta kosti þremur manneskjum. Hundruð manna hafa þurft að hafast við uppi á húsbökum vegna flóða sem fylgdu í kjölfar byljana. Nalgae gerði vart við sig í suðurhluta Kína í gær og var almenningur hvattur til að halda sig inni við.

- fb

Ekið á gangandi vegfarendur:

Höfuðáverki og fótbrott í myrkri

SLYS Ekið var á tvo gangandi vegfarendur, karlmann og konu, í Lækjargötu um hálfjögurleitið aðfaranótt sunnudags. Karlmaðurinn fékk höfuðáverka en konan fótbrotnaði. Engar grunsemdir eru um að ökuður hafi verið undir áhrifum áfengis eða fikniefna. Mikið myrkur var þegar atvikið átti sér stað og vill lögreglan beina því til ökumanna, jafnt sem gangandi vegfarenda, að fara gætlega nú þegar farið er að rökkva á kvöldin.

- fb

VEDURSPÁ




Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

NORÐANÁTTIR

Stíf norðaustanátt norðvestanlands í dag en norðlægar áttir verða ríkjandi í nýrri vinnuviku og kólnar smám saman í veðri. Dregur úr úrkomu syðra og léttir aðeins til en fyrir norðan verður rigning eða slydda með köflum næstu daga.

Á MORGUN
Víðast 5-13 m/s,
hvasast NV-tíl.



MÍÐVIKUDAGUR
Stíf NA-átt NV-tíl og við SA-ströndina.

HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	25°
Berlín	22°
Billund	18°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	27°
London	24°
Mallorca	28°
New York	15°
Orlando	27°
Ósló	18°
París	26°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



TOYOTA

Er ekki tími til kominn að smyrja? Ég bara smyr.

Nú er sértíloð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.



20% afsláttur

Sértíloð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi í október, m.a. af olíu, síum, rúðuþurrkum og bílaperum.*

15% afsláttur

af vinnu við smurningu. Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	200 Kópavogi	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	800 Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	260 Reykjanesbæ	420 6600
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík	577 7080
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	300 Akranesi	431 5050
Bítangi	Suðurgötu 9	400 Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550 Sauðárkróki	455 4570
Bítaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík	464 1888
Bítaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum	470 5070
Bítlageirinn	Grófinni 14a	230 Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.

KJÖRKASSINN



Eiga lögreglumenn að fá verkfallsrétt til að fylgja eftir kröfum í kjarasamningum?

Já 67,8%
Nei 32,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er réttlætlegt að kasta eggjum í þingmenn í mót-mælum við þingsetningu?

Segðu skoðun þína á vísir.is

6


Flest nýskráð fyrirtæki í ágúst eru í fasteignaviðskiptum:

Gjaldþrot 55 prósentum fleiri 2011

ATVINNUMÁL Alls urðu 950 fyrirtæki gjaldþrota fyrstu mánuði ársins 2011. Það er 52,5 prósentu aukning frá sama tíma í fyrra, þegar 623 fyrirtæki voru tekin til gjaldþrotaskiptanna. Flest þeirra fyrirtæki sem fóru á hausinn í ár störfuðu í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Nýskráð einkahlutafélög í ágúst voru 110. Flest þeirra voru skráð í fasteignaviðskipti, eða 25. Nýskráð einkahlutafélög á fyrstu átta mánuðum ársins voru 1.071 en voru 1.112 á sama tíma í fyrra. - kóp

Gjaldþrot fyrirtækja



HEIMILD:HAGSTOFA ÍSLANDS

Dæmd fyrir að aka bifreið:

Dómurinn var afturkallaður

SÁDI-ARABÍA, AP Abdullah, konungur Sádi-Arabíu, hefur afturkallað dóm sem kveðinn var upp yfir konu sem ók bíl. Dómari kvað upp þann úrskurð að hún skyldi hljóta tíu svipuhögg í refsingarskyni fyrir verknaðinn, sem brýtur í bága við trúarlega tilskipun þótt ekki sé hann lögbrot. Tvær aðrar konur biðu dóms fyrir sams konar brot, en í júní síðastliðnum hóf hreyfing kvenna í landinu andóf gegn ökbanninu. Lögreglan hefur yfirleitt ekki handtekið þær konur sem setjast undir stýri. - gb

Skorið verður niður um 6,6 milljarða á fjárlögum 2012

Heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verða 522 milljarðar samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem lagt var fram á Alþingi á laugardeg. Það er tæpum 39 milljörðum króna hærra upphæð en gert var ráð fyrir í áætlun.

EFNAHAGMÁL Skorið verður niður um þrjú prósent í almennri stjórnsýslu árið 2012 og um 1,5 prósent í velferðarmálum, svo sem heilbrigðisþjónustu, skólumálum, löggæslu, bótakerfum og sjúkratryggingum. Þetta kemur fram í fjárlagafrumvarpi sem Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kynnti í gær.

17,7 milljarðar króna er áætlaður halli á ríkissjóði árið 2012.

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 521,5 milljarðar króna og aukast um 38,7 milljarða króna frá því sem gert var ráð fyrir í áætlun 2011. Gert er ráð fyrir að halli ríkissjóðs verði 17,7 milljarðar króna. Það er umtalsverð lækkun miðað við árið 2011, en áætlun gerir ráð fyrir að hallinn verði 42,2 milljarðar í ár.

Nýr skattur á banka- og fjármálaframtækni, svokallaður fjársýsluskattur, verður settur á. Gert er ráð fyrir að hann afli ríkissjóði 4 til 6 milljarða króna í tekjur. Þá verður veiðigjald hækkað um 1,5 milljarða króna frá því sem nú er. Sala ríkiseigna og arður munu skila 10 milljörðum króna í auknar tekjur, samkvæmt frumvarpinu.

Áætlað er að frumjöfnuður verði jákvæður um 39,6 milljarða króna á rekstrargrunni, sem jafngildir 2,2 prósent af landsframleiðslu. Í tilkynningu frá fjármálaráðherra segir að vegna umtalsverðs árangurs í efnahagsstjórnun sé borð fyrir báru að draga úr fyrirhuguðu aðhaldi. Markmiðum um afgang á heildarjöfnuði hafi verið seinkað um eitt ár og því sé svigrúm til að milda aðlögunarferilinn og skera minna niður en ella.

Samhliða fjárlagafrumvarpinu lagði fjármálaráðherra fram skýrslu um áætlun í ríkisfjármálum 2012 til 2015. Samkvæmt henni er miðað við að viðsnúningur í frumjöfnuði verði um 10–11 prósent af landsframleiðslu í stað 16 prósentu í upphaflegri áætlun. Af þeim sökum verður markmiðum um afgang á heildarjöfnuði seinkað til ársins 2014, auk þess sem afgangurinn verður minni en stefnt var að áður.

Ríkið skuldar í dag 80 prósent af vergri landsframleiðslu (VLF) og sveitarfélögin í heild um 20 prósent. Samkvæmt skýrslunni er gert ráð fyrir því að lækka skuldir ríkissjóðs á næstu árum þannig að á árabílinu 2016 til 2019 verði þær komnar niður fyrir 45 til 50 prósent af VLF. Þá verður gerð krafa á sveitarfélögin að skuldir þeirra verði komnar niður í 12 til 15 af VLF á sama tíma. kolbeinn@frettabladid.is



ÞINGSETNING Fjármálafrumvarpið var lagt fram á laugardeg. Heildartekjur ríkissjóðs verða 39 milljörðum króna hærra á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Byggja um of á væntingum ríkisstjórnar



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd, óttast að fjárlögin byggja á meiri væntingum en innstæða sé fyrir. Áherslur og útlekking ríkisstjórnarinnar á fjárlögum séu í hróplegu ósamræmi við skilning launþega og fyrirtækja á stöðunni á vinnumarkaði í dag. „Ég hef áhyggjur af því hvernig þær forsendur eru lagðar fram sem fjárlögin byggja á. Annars vegar er um að ræða þjóðhagsspá Hagstofunnar frá því í júlí sem maður setur ákveðin fyrirvara við. Hins vegar á vöxtur í íslensku hagkerfi að byggja á einkaneyslu og fjárfestingu sem á að aukast um 15 prósent.“

Kristján Þór segir rangt að ekki sé verið að auka skatta á almenning. „Við sjáum ýmsa þætti sem lúta að auknum álögum á fólk og einnig fyrirtæki. Það er breyting á skattþreppum og hækkun þeirra marka sem þar er um að ræða. Við sjáum líka krónutöluskattahækkun, þar á meðal á bensín. Það er ýmislegt í þessu sem á eftir að koma betur í ljós, en í mínum huga er það alveg ljóst að almenningur á áfram að bera allnokkrar byrðar.“

Haraldur Flosi Tryggvason hættur sem starfandi stjórnarformaður Orkuveitunnar:

Minnihluti undrast starfslokinn

REYKJAVÍK Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, er ekki lengur í fullu starfi hjá fyrirtækinu. Fram kom í máli Jóns Gnarr borgarstjóra á borgarstjórnarfundum í síðustu viku að Haraldur Flosi hefði að eigin frumkvæði verið í hálfu starfi frá því í mars og hefði svo látið alfarið af störfum 1. júní. Hann hefði ekki talið þörf á kröftum sínum lengur.

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, lýsti yfir undrun á þessum upplýsingum, enda hefði minnihlutunum ekki verið þetta ljóst. Ákveðið hefði verið að aðalfundi í júní í fyrra að Haraldur Flosi skyldi vera í fullu starfi fram að næsta aðalfundi Orkuveitunnar, sem var nú í júní. Hann hefði ekki haft vald til að taka ákvörðun um starfslok einn síns liðs og velti Sóley upp þeirri spurningu hvort Haraldur hlyti ekki að eiga rétt á fullum launum fram að aðalfundinum í júní síðastliðnum.

Aðrir fulltrúar minnihlutans tóku undir það með Sóleyju að þetta væru einkennileg vinnubrögð og kröfðust skýrari svára frá meirihlutunum.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, spurði Sóleyju hins vegar á móti hvort spurning hennar hefði verið svokallað grín. „Mér finnst fólk orðin býsna laus höndin með peninga ef það á að neyða upp á fólk fé fyrir starf sem það hefur trappað niður að eigin frumkvæði,“ sagði Dagur. Hrósa bæri Haraldi Flosa fyrir ákvörðun



SÓLEY TÓMASDÓTTIR



HARALDUR FLOSI TRYGGVASON



DAGUR B. EGGERTSSON

„Mér finnst fólk orðin býsna laus höndin með peninga ef það á að neyða upp á fólk fé fyrir það starf sem það hefur trappað niður að eigin frumkvæði.“

DAGUR B. EGGERTSSON FORMAÐUR BORGARRÁÐS

hans, enda kvæði samþykkt aðalfundarins á um að stjórnarformaðurinn yrði í fullu starfi „tímabundið á meðan lagt er vandað mat á aðstæðum,“ og nauðsynlegum breytingum ýtt úr vör.

„Nei, ég er ekki að grínast,“ svaraði Sóley. Ákvörðun aðalfundar yrði ekki breytt af Haraldi Flosa einum og því miður myndi þetta kannski „kosta borgarbúa skildinginn“. - sh

Svíinn Göran Hansson:

Tilkynnir um Nóbelsverðlaun

STOKKHÓLMUR, AP Vísindamenn, rithöfundar og friðarpostular sem hafa látið mikið kveða að sér að undanförunni biða vafalítið með öndina í hálsinum eftir því hvort þeir fái samtals frá Sví- anum Göran Hansson í dag. Þá verður tilkynnt hverjir hljóta Nóbelsverðlaunin í ár og fá um leið hátt í 180 milljónir króna í verðlaunafé. Hansson er ritari Nóbelsverðlaunanevndarinnar í læknávisindum og hringir í verðlaunahafana skömmu áður en hann lætur fjölmiðla vita. „Stundum halda þeir að ég sé að grínast,“ segir Hansson, sem hefur gaman af starfi sínu. Verðlaunin verða afhent 10. desember. -fb

Kringlan

- veitingaaðstaða til sölu

Fullkomin aðstaða til veitingasölu á besta stað í Kringlunni til sölu.

Tæki og innréttingar eru nýleg og vel með farin.

Staðurinn tekur allt að 50 manns í sæti.

Miklir möguleikar og háannatími framundan.

Nánari upplýsingar hjá Guðna Halldórssyni í síma 414 1200, gudni@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is

globalM&A Iceland

rekkjan

ÞRÝSTIJÖFNUNAR DAGAR!

ALLAR VÖRUR MEÐ
ÞRÝSTIJÖFNUNARSVAMPI Á

30-35% AFSLÆTTI

Í REKKJUNNI ER EITT MESTA ÚRVAL
HEILSURÚMA Á ÍSLANDI, YFIR 25 TEGUNDIR
- OG EIN AF ÞEIM HENTAR ÞÉR SÉRSTAKLEGA

EF ÞÚ ERT Í LEIT AD GÓÐUM SVEFNI KOMDU
ÞÁ Í REKKJUNA - OG EIGDU GÓÐA NÓTT



AC Visco

ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM
Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 227.130 kr.

NÚ 149.000 kr.

Alberta Visco

ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM
Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 299.216 kr.

NÚ 199.000 kr.

Spring Max

ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSUKODDINN

Fullt verð 12.900 kr. NÚ 8.900 kr.



rekkjan

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða rithöfundur gerir nýja verðlaunakrossgátu Fréttablaðsins?
2. Hvað heitir ný kvikmynd Rúnars Rúnarssonar?
3. Hvað heitir nýjasta plata hljómsveitarinnar Ourlives?

SVÖR

1. Evar Órn Jósefsson 2. Elfdjall 3. Den of Lions

Útreikningar Hagstofunnar:

Nemandi kostar 1,3 milljónir

MENNTAMÁL Hver nemandi í grunnskóla kostar ríflega 1,3 milljónir króna að meðaltali, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Hagstofan reiknar út meðalrekstrarkostnað á hvern nemanda og á útreikningurinn að liggja fyrir í september ár hvert.

Meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum í fyrra reyndist vera rúmlega 1,2 milljónir króna eða 1.257.313 krónur. Áætlaður rekstrarkostnaður í september nú er 1.321.308 krónur. Vegin meðalverðbreyting var metin 5,1 prósent.

Stjórnvöld í Afganistan ósátt: Pakistanar stöðvi talibana

KABÚL, AP Stjórnvöld í Afganistan vilja að Pakistanar leggi sig meira fram við að koma í veg fyrir uppgang talibana í landinu. Stutt er síðan Hamid Karzai, forseti Afganistan, sagðist vera að gefast upp á beinum viðræðum við talibana. Sagði hann eina leiðina til að stöðva stríðið í landinu vera þá að ríkisstjórn Pakistan tæki þátt í viðræðunum. Eftir mannskæðar sprengjuárásir í Afganistan að undanförunu hafa stjórnvöld bæði í Afganistan og Bandaríkjunum sakað Pakistan um að styðja við bakíð á talibönnum. Að minnsta kosti 43 friðargæsluliðar frá NATO féllu í Afganistan í september.



HAMID KARZAI

LÖGREGLUMÁL

Eggjabakki á eldavél

Slökkviliðið var kallað að elliheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi um tíuleytið á laugardagskvöld. Þar hafði eggjabakki gleymst á eldavél og óttuðust starfsmenn afleiðingar þess. Enginn eldur hlaut af og sáralítill reykur þannig að slökkviliðið þurfti ekkert að aðhafast nema lofta út, samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsmanni.

25% AF JOHN FRIEDA HÁRVÖRUM Í OKTÓBER



Lyfjaval APÓTEK

Stuðningsaðilum hjá ABC barnahjálpar hefur fækkað jafnt og þétt síðustu ár:

70 hættu að styrkja í september

SAMFÉLAGSMÁL Sjötíu styrktaraðilar ABC barnahjálpar á Íslandi hafa hætt að styrkja samtökin í þessu mánuði. Samtökin finna sterkt fyrir erfiðu efnahagsástandi.

„Fyrir hrun voru að bætast við hjá okkur að meðaltali tveir til þrjú nýir stuðningsaðilar á hverjum einasta degi en síðan hrúnið varð fækkar þeim jafnt og þétt,“ segir Margrét Blöndal, skrifstofustjóri ABC. „Þetta kemur í bylgjum en við höldum að botninum væri náð.“ Svo hefur ekki reynst vera því ný bylgja kom nú í september.

Skólar ABC barnahjálpar í

mörgum löndum berjast í bókum vegna fjárskorts. Mikill fjöldi barna í skólunum er nú án stuðningsaðila. Því var sent út bréf til stuðningsaðila hér á landi og þeir beðnir um að áframsenda bréfið á fólk sem gæti verið aflögufært.

„Við finnum strax viðbrögð. Þeir sem eru stuðningsaðilar geta hækkað gjaldið, tekið að sér önnur börn eða bent öðrum á,“ segir Margrét. Hún segir einnig að fólk geti styrkt starfið um lægri upphæðir á mánuði en venjan er. „Það er mikilvægt líka, það er ekkert lágmark og fólk gefur eins og það getur.“

- þeb



BARNASKÓLI ABC Þessi börn ganga í skóla ABC í Úganda, sem er eitt margra landa þar sem samtökin reka skóla.

Íhaldsmenn á flokksþingi: Tugir þúsunda í mótmælum

BRETLAND, AP Um 35 þúsund manns tóku þátt í mótmælum í Manchester í gær þegar flokksþing Íhaldsflokksins hófst þar.

Fólkið lýsti andstöðu sinni gegn aðgerðum stjórnarinnar, sem hafa bitnað harkalega á almenningi. David Cameron, leiðtogi flokksins og forsætisráðherra landsins, sagði niðurskurðinn nauðsynlegan til að koma fjárhag ríkisins í lag. „Þetta er erfitt,“ sagði hann. „En við verðum að útskýra fyrir fólki hvað við erum að reyna að byggja upp þegar þessu lýkur.“

- gb



FÉLL VIÐ EGGJAKAST Arni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, féll og vankaðist eftir að hafa fengið egg í höfuðið á laugardag.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þingsetningin endurskoðuð

Mögulegt er að athöfnin við þingsetningu verði endurskoðuð í ljósi síendurtekens ófriðar á Austurvelli. Þingmaður fékk egg í höfuðið við þingsetningu og vankaðist. Efnahags- og viðskiptaráðherra gagnrýnir fjarveru Hæstaréttardómara frá athöfninni og ákvörðun forsetafrúarinnar að sleppa guðsþjónustu.

ALÞINGI Arni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, segir mögulegt að endurskoða beri hvernig þingsetning fari fram í ljósi þess mikla ófriðar sem skapast hefur á Austurvelli við síðustu þingsetningu.

„Menn eru hugsi yfir þessu. Þetta er hluti af okkar þingræðishefð, þessi athöfn þegar gengið er inn í Dómkirkjuna, en það kæmi mér ekki á óvart ef menn færu að hugsa þingsetninguna upp á nýtt,“ segir hann og bætir við að nauðsynlegt sé að ræða slík mál við lögregluna. „Við setjum traust okkar á hana. Högum okkur eins og hún telur rétt og annað slíkt. Hún hefur staðið sig vel við erfiðar aðstæður.“

Arni fékk egg í höfuðið við þingsetninguna á laugardag og var höggið svo mikið að hann féll í götuna og vankaðist. Hann segir ekki halda að það hafi verið ásetningur þess sem egginu kastaði að slasa einhvern og tekur atvikinu ekki persónulega. Hann segir þó að eitt sé að mótmæla friðsamlega og annað sé að grýta þingmenn og annað starfsfólk sem komi nálægt þingsetningarathöfninni.

„Þetta var heldur meira en maður átti von á. En maður virðir rétt fólks til að mótmæla, við erum ekki ónæg fyrir því. Við heyrum hvað fólk er að segja. En þetta var sérstök upplifun,“ segir hann. Spurður hvort hann telji almenning bera virðingu fyrir

störfum Alþingis svarar hann að ekki sé hægt að sjá að svo sé eftir atburði laugardagsins.

„Menn verða að gera sér grein fyrir því að allir þingmenn, óháð flokkum, eru að reyna að vinna sína vinnu og gera það eftir bestu getu,“ segir hann. „Sumum finnst kannski vera kominn það langur tími frá hrúni, en menn verða að átta sig á því að það var geigvænlegt. Það tekur tíma að byggja upp.“

Arni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, er harðorður í grein sem hann birti á heimasíðu sinni seinni part laugardagsins. Arni Páll gagnrýnir fjarveru Hæstaréttardómara frá þingsetningunni og þá ákvörðun forsetafrúarinnar að mæta ekki til guðsþjónustu heldur ræða við mótmælendur á Austurvelli.

„Þingsetningin er forn hefð þessarar stofnunar – opin og berskjölduð athöfn. Athyglisvert er að enginn virðist vilja standa vörð um þingsetninguna á forsendum hefðarinnar. Hvert erum við komin þegar lögreglumenn skipuleggja mótmæli í aðdraganda þingsetningar, dómara Hæstaréttar mæta ekki til þings í fyrsta sinn frá stofnun réttarins og forsetafrúin snýr baki í þingid og setur einkaleikþátt á svið?“ segir ráðherrann í grein sinni.

Arni Páll vill kveðja ofbeldisfulla orðræðu öskurs, málþófs, þrætubóka, ásakana, gagn-ásakana og útrúninga, eins og



FJÖLMENN MÓTMÆLI Nokkur þúsund manns mættu á Austurvöll til að mótmæla við setningu Alþingis á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„[...] Við höfum ekki náð samtali og samstöðu um leiðina áfram. Þjóðmálaumræðan einkennist af hringrás upphrópana og stóryrða. Hver dagur er alveg eins og dagurinn í gær.“

ÁRNI PÁLL ÁRNASON
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA



hann orðar það, og leitast eftir því að svara þeirri grundvallarspurningu hvernig Ísland geti komið sér upp úr kreppunni.

„[...] Við höfum ekki náð samtali og samstöðu um leiðina áfram.“

Þjóðmálaumræðan einkennist af hringrás upphrópana og stóryrða. Hver dagur er alveg eins og dagurinn í gær.“ Ekki náðist í Árna Pál í gærkvöld.

sunna@frettabladid.is

Vilja ekki gera kjósendur sína reiða



STEFÁNÍA ÓSKARSDÓTTIR

Stjórnmalamenn eru allt of tregir til að ganga gegn kjósendum sínum af ótta við að gera þá reiða. Ákveðinnar undanlátsssemi gætir í samfélagsumræðunni og enginn vill stíga fram og segja að það sé of langt gengið þegar eggjum og öðrum hlutum er kastað í þingmenn á Austurvelli. Þetta er mat Stefáníu Óskarsdóttur stjórnmalafraeðings.

„Það virðist vera hræðsla í gangi gagnvart þessum öflum, sem eru að feta sig lengra og lengra í átt að upplausn,“ segir Stefánía. Hún telur ekki eðlilegt að alþingismenn séu grýttir og fólk sé með óspektir á almannafæri við þingsetningu. „Þetta endurspeglar gifurlega mikil átök um hagsmuni. Við lifum á tímum niðurskurðar og samdráttar og kreppan er að bíta í fólk. Þetta verður ekki auðveldlega leyst,“ segir Stefánía. „Þá beinist reiðin að stjórnvöldum og það er gerð sú krafa að þau leysi hvers manns vanda.“

Segir þriffin á við 100 ára veðrun

Þriffin á Alþingishúsinu eftir þingsetninguna í fyrra voru eins og húsið hefði veðrast eitt hundrað ár, sagði Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, í samtali við fréttastofu Vísis. Hún sagði mótmæli á Austurvelli í góðu lagi, svo framarlega sem fólk beitti ekki ofbeldi eða skemmdi eignir.

Ásta Ragnheiður segir Alþingishúsið afar viðkvæmt og það þoli því illa ágang eins og eggjakast og mikil þriffin. „Þetta er gamalt hús og hreingerningin í fyrra hafði þau áhrif að það var eins og veðrun á húsinu í heila öld. Þetta er það gljúpur steinn sem það er byggt úr að þegar eggjahvítu er hent í það er mjög erfitt að þrífa hana af,“ sagði Ásta Ragnheiður við Vísis.



1400
SNÚNINGA



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
94.900
SPARAÐU 30.000

Electrolux

- EWf-146310W Þvottavél
- Mest seld þvottavélin okkar. Ótrúlega lág bilanatiðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður uppá sveigjanlegan þvottatíma.
- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhraði
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
- ✓ Tímaskjár
- ✓ Ofnæmisskolun möguleg
- ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ Verð áður kr 124.900



AAA
EINKUNN

HLJÓDLÁT
49
dB



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
84.900
SPARAÐU 35.000

Electrolux

- ESF-63040 Uppþvottavél
- Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum og góðri innréttingu
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. þvottakerfi, almennit kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Hægt að þvo hálfá vél í einu
- ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ An toppplötu
- ✓ Verð áður kr 119.900

Electrolux

- ERC-34393W Kæliskápur
- 160 cm há kæliskápur með nægu rými
- ✓ Vönduð innréttung með glerhillum
- ✓ Sensa handfang með léttopnun
- ✓ HxBxD 160 x 59,5 x 62 cm
- ✓ Verð áður kr 149.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
109.900
SPARAÐU 40.000

160
CM HÁR

XXL
SKÜFFUR

LCD
SKJÁR



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
109.900
SPARAÐU 30.000

160
CM HÁR

330
LÍTRAR

Electrolux

- EUC-25391W Frystiskápur
- 160 cm há frystiskápur með stórum skúffum
- ✓ 4 stórar skúffur og 2 frystihólf með loki
- ✓ Stafrænt stjórnborð og aðvörunarkerfi
- ✓ HxBxD 160 x 59,5 x 62 cm
- ✓ Verð áður kr 159.900

exquisit

- KGC-270/70 Kæli- og frystiskápur
- Hvítur kæliskápur með góðum þriggja skúffu frysti
- ✓ 139 lítra kæli og 68 lítra frystir
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD 151 x 55 x 58 cm
- ✓ Verð áður kr 89.900



151
CM HÁR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 20.000

Electrolux

- ZB-2803 Léttryksuga
- Kraftmikil hlaðanleg léttryksuga með mótordrífnu munnskykki sem sópar og sýgur upp ryk og önnur óhræinindi. Hentar á öll gólfefni.
- ✓ Pokalaus
- ✓ Mjög létt og lítil fyrirferð
- ✓ Cyclonic sía sem ekki mettast
- ✓ Hleðslustandur fylgir
- ✓ Hágæða NiMh hleðslurafhlióður
- ✓ Verð áður kr 24.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
18.990
25% AFSLÁTTUR

HLJÓD-
LÁT

20 MÍN




ZANUSSI

- ZCV-662MW Eldavél hvít
- Eldavél með keramik helluborði og XXL 74 lítra ofni, u.þ.b. 30% stærri en áður.
- ✓ Undir- og yfirhiti ásamt grilli
- ✓ 4 hellur þ.á.m. 1 stór hella
- ✓ Þrefalt gler í ofnhurð
- ✓ 1 bökunarplata, skúffa og grind fylgir
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ HxBxD: 85/90 x 59,5 x 60 cm
- ✓ Verð áður kr 144.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 45.000

XXL
OFN



SPANSUDA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 60.000

Electrolux

- DIK-2461RF Spansuðuhelluborð
- Mjög flott spansuðuhelluborð með stálkanti, stop&go, booster hellum og klukku
- ✓ Booster háhraðaspanhellur
- ✓ Sneritakkar og LED skjár
- ✓ Suðusjálfvirkni - lækkar sjálfkrafa hitann
- ✓ Tímastillir 99 mínútur
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Ein XXL hella
- ✓ Verð áður kr 159.900

VERÐVAKT RAFHA

Hljódlátasti blandarinn
á markaðinum!
**Powermix
SILENT**

The quietest blender ever by Electrolux

Electrolux

- ESB-4400 Blandari
- Byltlingarkenndur ofurhljódlátur blandari með kraftmiklum 600W mótör. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt. Verð áður kr 21.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.900
32% AFSLÁTTUR

MALAR
ÍS

NÝ SENDING!



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
6.990
30-42% AFSL.

PR. STK

%
VERÐVAKTIN
Við fylgjumst
grannt með keppi-
nautum okkar og
höfum lækkað
verðið!

1. EKF-5110 Electrolux kaffivél 1000W með Aroma stillingu. Áður kr. 9.990
2. ESTM-4200 Electrolux töfrasproti. Hljóðdeyfður og 400W. Kanna fylgir. Áður kr. 9.990
3. EAT-5110 Electrolux brauðrist Hvít með affrýstingu. Áður kr. 9.990
4. EEWA-5110 Hraðsuðukanna 1,5 lítra 2400W. Áður kr. 11.990

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108
Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

FRÉTTASKÝRING: Erlendar fjárfestingar

Erlend fjárfesting bundin við álver

Óviða eru meiri hömlur á erlenda fjárfestingu en hér á landi. Ef litið er til síðustu áratuga sést að fjárfesting að utan hefur komið í slumpum og nánast verið bundin við áliðnaðinn. Starfshópur iðnaðarráðherra leggur til að lög um málaflökkinn verði afnumin og nefnd um erlenda fjárfestingu verði lögð niður.

Íslendingar eru sjálfum sér verstir þegar kemur að erlendri fjárfestingu og reglugerðarumhverfi þar um fælir erlenda fjárfesta frá. Þetta segir Aðalsteinn Leifsson, sem stýrði starfshópi iðnaðarráðherra sem falið var að skoða málefni erlendra fjárfestinga hér á landi. Aðalsteinn segir að Íslendingar verði að hætta að ýta erlendri fjárfestingu frá sér, leiðin til að græða peninga sé að hætta að tapa þeim.

Segja má að erlendar fjárfestingar komi til sögunnar þegar Íslendingar fara að taka þátt í alþjóðsamstarfi, með þátttöku í EFTA, EES-samningnum og GATT-samningnum, sem snérist um að draga úr hömlum á milliríkja viðskipti. Íslendingar voru síðan stofnaðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, sem stofnuð var árið 1995 og tók yfir það hlutverk sem GATT-samningurinn hafði gegnt áður.

Aðalsteinn segir að með auknu alþjóðlegu samstarfi hafi erlend fjárfesting hér á landi aukist. Hún hafi hins vegar verið á mjög afmörkuðu sviði; ekki aðeins hafi hún verið bundin við orkufrekan iðnað heldur svo til eingöngu snúist um áliðnaðinn.

Einhæft atvinnulíf

Þetta segir Aðalsteinn að miklu leyti skýrast af því að atvinnulíf á Íslandi sé í raun einhæft. „Atvinnulífið er þrátt fyrir allt tiltölulega einhæft hér á landi. Þá eru ýmsar



STRAUMSVÍK Framleiðsla hófst í álverinu í Straumsvík árið 1969 en álverið var formlega opnað ári síðar. Erlend fjárfesting hér á landi hefur að mestu verið bundin við áliðnaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hömlur á erlendri fjárfestingu, eins og sjá má í sjávarútvegi.

Fjárfesting erlendra aðila hér á landi hefur einnig verið mjög einhæf. Ef horft er á Norðurlöndin má sjá að erlend fjárfesting er á mun fleiri sviðum en hér; dreifist yfir mismunandi þjónustu og breiðir úr sér um allt hagkerfið. Hér á landi er þetta bundið ekki bara við orkufrekan iðnað, heldur beinlínis við álið.

Aðalsteinn segir að þegar tölur um erlenda fjárfestingu síðustu ár séu skoðaðar sjáist að töluvert hafi verið um fjárfestingu í fjármálageiranum. Það sé hins vegar nokkuð á reki hver raunveruleg erlend fjárfesting hafi verið í þeim geira. Oft var um flókna fjármálageirninga að ræða þar sem peningar fóru út úr landinu og komu aftur inn eftir ýmsar flækjur ytra. Raunveruleg erlend fjárfesting hér á landi sé hins vegar bundin við álið og komi inn í slumpum.

Reglur óskýrar

Starfshópurinn ræddi við forsvarsmenn fjölda fyrirtækja og niðurstaðan úr þeim viðræðum er að reglur séu óskýrar hvað varðar

erlenda fjárfestingu. Því sé brýnt að skýra lagaumhverfið svo að það fæli ekki erlenda fjárfesta frá.

„Fyrirtæki sem hafa verið að reyna að sækja sér erlenda samstarfsaðila tala mikið um að erfitt sé að fá skýr svör um það eftir hvaða reglum og tímamörkum er unnið. Það er því brýnt að vanda stjórnsýsluna og koma upp traustu og heilbrigðu umhverfi í þessum málaflökki.“

Sérstök lög gilda um erlenda fjárfestingu hér á landi. Samkvæmt þeim ber að tilkynna ráðherra um alla erlenda fjárfestingu „jafnskjött og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir“. Þá eru sérstakar hömlur á fjárfestingar í sjávarútvegi, en eignarhlutur erlendra aðila má ekki vera meiri en 33 prósent í fyrirtækjum í þeim iðnaði.

Líkt og umtalað hefur verið er útlendingum utan EES-svæðisins óheimilt að fjárfesta í fasteignum hér á landi. Innanríkisráðherra getur hins vegar veitt undanþágu frá því banni. Á borði Ögmundar Jónssonar innanríkisráðherra liggur nú slík undanþágubeiðni frá kínverska fjárfestinum Huang Nubo, en hann hefur óskað eftir að kaupa Grímsstaði á Fjöllum. Síðan árið 2007 hefur 24 sinnum verið sótt um slíka undanþágu og hún verið veitt í öllum tilvikum nema einu.

Þá er starfandi hér nefnd um erlenda fjárfestingu, sem getur lagt mat sitt á einstaka kaupsamninga. Kaup kanadíska fyrirtækisins Magma á HS Orku fóru til að mynda inn á borð þeirrar nefndar.

Afnema lög


Aðalsteinn segir að ákvarðanir um erlendar fjárfestingar hér á landi séu allt of matskenndar. Það sé ástæðan fyrir því að OECD meti hindranir á erlendum fjárfestingum jafn miklar hér á landi og raun ber vitni.

„Allar takmarkanir á erlendri fjárfestingu þurfa að vera skýrari. Við höfum spurt okkur að því hvort nauðsynlegt sé að hafa sérstök lög um erlenda fjárfestingu og sérstaka nefnd þar um. Eðlilegra væri að takmarkanir kæmu fram í sér-lögum, svo sem varðandi einstakar atvinnugreinar. Það þarf að hafa skýrar reglur frekar en að búa við matskennd ákvæði.“


Óvissan er verstí óvinurinn þegar kemur að erlendri fjárfestingu að mati Aðalsteins. Fjárfestar sem hyggist binda umtalsverða fjármuni í fjarlægum landi, eins og Íslandi, verði að vita að hverju þeir ganga. Annars fari þeir einfaldlega eitt hvert annað með fjármuni sína.

„Við verðum að vanda okkur betur í stjórnsýslunni og menn

Bein erlend fjárfesting



Innlend fjárfesting erlendra aðila



þurfa að geta gengið að skýrum reglum. Það á ekki að gefa neinn afslátt af reglunum en menn verða að vita að hverju þeir ganga. Skýrar reglur og fyrirsjáanleiki skipta miklu máli. Þá verður að virða öll tímamörk og ákvarðanir verða að vera bindandi,“ segir Aðalsteinn. Það gangi ekki að óvissa ríki um ákvarðanir og þeim sé jafnvel snúíð við eftir á. Slíkt fæli frá.

Tækifæri í fjölbreytni

Aðalsteinn segir að erlendir aðilar hafi verið hikandi við að fjárfesta hér á landi. Íslendingar eigi hins vegar gríðarleg tækifæri hvað þetta varðar. Hér sé hrein orka, menntað vinnuafli, þó það sé ekki jafn vel menntað og Íslendingar vilji stundum vera láta, nægt landrými og gott skipulag á samskiptakerfum. Þá sé lega landsins, mitt á milli Bandaríkjanna og Evrópu, kostur, hér sé öryggi og heilnæmt umhverfi.

Nauðsynlegt sé hins vegar að velta því fyrir sér hvers konar fjárfestingu menn sækist eftir. Hagkvæmast sé að erlend fjárfesting skapi aukin verðmæti hér á landi og bæti lífsgæði. Verðmætin verði til innanlands í gegnum framleiðsluferlið hér.

Hún megi gjarnan fela í sér nýsköpun líka, hafa nýja þekkingu

fram að færa og efla rannsóknir og þróun. Æskilegt sé að hún skapi nýja markaði og styrki um leið þá starfsemi sem fyrir er, skili skatttekjum og falli að þeirri ímynd sem Íslendingar vilja halda er lýtur að heilnæmi. Þá megi hún gjarnan vera orkufrek.

„Í kynningar- og markaðsstarfi á að leggja áherslu á slíka fjárfestingu og þá ættu allir að geta sameinast um hana, hvort sem menn eru yst til hægri eða yst til vinstri.“

Aðalsteinn segir deilur um erlenda fjárfestingu hafa verið slæmar og mikilvægt sé að ná sátt um málið. „Við þurfum að sameinast um hvers konar erlendri fjárfestingu við sækjumst eftir. Við ætlum ekki að slá af kröfum, alls ekki. Við viljum horfa til þess að fá fjárfestingu sem eykur fjölbreytni og dreifir áhættunni. Það þýðir ekki að við eigum að standa gegn erlendri fjárfestingu sem uppfyllir ekki þessi skilyrði, aukin verðmætisköpun er af hinu góða og við tökum vel á móti þeim sem hingað vilja koma.“



Gólfvottavélar - Sópar
Teppahreinsivélar - Ryksugur

Vesturhraun 3 • 210 Garðabær • Sími: 480 0000



Kolbeinn
Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is





EINAR VÖNDUÐUSTU INNRETTINGAR Á MARKAÐNUM

Allt að
40%
afsláttur



ELDHÚS

COUNTRY

Glerhörð, kámfri áferð

Fulningur
hvítt lakkað, háglans

Original
BLUM
mjúklökun
á öllum
skúffum
og hurðum



DUCALE

Hvítt lakkað
háglans

Glerhörð
kámfri
áferð
innfelld
handföng



DUCALE

Ljós eik
innfelld
handföng

BAÐ



HVÍTT HÁGLANS stærð: 142 x 48 sm HVÍTUR FULNINGUR stærð: 122 x 48 sm



EPLI stærð: 142 x 48 sm HNOTA stærð: 122 x 48 sm

ÞVOTTAHÚS

Heil innrétting fyrir þvottavél og þurrkara

Allt að
40%
afsláttur

Djúpar
mjúklökandi
skúffur
og full
útdraganleg
vinnuborð



Háglans - sprautulakkað



Háglans - sprautulakkað

FATASKÁPAR

Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm



Ljós eik
innfelld handföng

Háglans - sprautulakkað
innfelld handföng

Allt að
40%
afsláttur

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Börn eiga ekki að þurfa að upplifa ógn í daglegu lífi sínu.

Auðveldari kostur að aðhafast ekki

Allt of mörg börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða miska af einhverju tagi loka sig af með vanlíðan sína. Með því móti eiga þau litla von um að aðstæður þeirra breytist til batnaðar og þar með er verulega dregið úr möguleikum þeirra til að vinna úr áföllum sínum. Sem betur fer fylgjar þó þeim börnum sem hafa hugrekki til að segja frá ef þau verða fyrir áföllum. Þá kemur til kasta hinna fullorönu að liðsinna þeim á þann hátt að dregið sé úr skaðanum eins og kostur er.

Lengi var það lenska að aðhafast lítið þótt börn yrðu fyrir skaða. Fyrir fáum áratugum þótti alls ekki sjálfsagt mál að fullorðnir skærust í leikinn þótt þeir horfðu upp á barn verða fyrir alvarlegri stríðni, stríðni af þeirri stærðargráðu sem hugtakið einelti er nú notað yfir. Barnið átti bara að spjara sig sjálf og læra að bíta frá sér. Þetta viðhorf hefur góðu heilli breyst mikið þó að enn sé of algengt að ekki sé brugðist

nægilega afdráttarlaust við þegar barn er í vanda.


Það er nefnilega alltaf stærri ákvörðun að aðhafast ekki. Þess vegna er það svo að þrátt fyrir að mun fleiri atvik sem orðið hafa til að skaða börn fari nú í formlegan farveg en áður búa of mörg börn við að það fulloröna fólk sem gæta á hagsmuna þeirra tekur það að aðhafast ekki fram yfir aðgerðir.

Það er í verkahring foreldra að gæta hagsmuna barna sinna. Ef börnin eru í meðferð af einhverju tagi kemur það í hlut meðferðaraðila að meta hvað hann telur skjólstæðingi sínum fyrir bestu og fylgja því mati eftir. Ef hagsmunir veggja barna stangast á kemur það í hlut annarra aðila að meta hvorir hagsmunirnir vega þyngra; barnaverndar-, félagsmála og/eða skólayfirvalda. Sömuleiðis gætu slík mál komið til kasta íþróttafélaga eða forsvarsfólks annars tólmundastarfs. Í slíkum tilvikum kann að þurfa að grípa til aðgerða sem eru íþyngjandi fyrir annað barnið og þarf þá að gæta þess að veita því einnig barni allan þann stuðning sem kostur er.

Í lífi barns er fátt mikilvægara en líðan þess í skólanum. Það er mikilvægt að skólinn, í samvinnu við barnaverndar- og velferðaryfirvöld, taki ábyrgð á þeirri staðreynd og gildir þá einu hvort rötin að vanlíðan barnsins liggur í atviki sem átti sér stað innan skólans eða utan hans.

Kjarni málsins er sá að barn sem hefur orðið fyrir áfalli, hvort heldur um er að ræða alvarlegt einelti eða óeðlilega kynferðislega hegðun eins og í máli sem greint var frá í frétt blaðsins í síðustu viku, á ekki að þurfa að búa við aðstæður sem það upplifir sem ógn í daglegu lífi sínu. Þess vegna er það mat ritstjórnar Fréttablaðsins að fréttir af slíkum málum eigi að segja.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.



*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Um allt er deilt

Löngum hefur loðað við Vinstrihreyfinguna – grænt framboð að meðlimir flokksins séu einstaklega lagnir við að finna sér deilufni. Segja má að flokkurinn sé sjálfbær hvað það varðar, hann þarf ekki að leita út fyrir eigin raðir eftir andstæðingum í rökræðum. Þó má segja að keyrt hafi um þverbak þegar Ragnar Arnalds, sem eitt sinn var formaður Alþýðubandalagsins, sakaði Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra í leyfi, um sögufölsun. Las hann upp það sem hann taldi ályktun landsfundar um Evrópusambandið. Katrín gekk í pontu og las upp ályktun landsfundar um

Evrópusambandið, sem var allt önnur en sú sem Ragnar hafði lesið. Illa er komið fyrir flokksmönnum ef ekki er hægt að ná samstöðu um hvaða texti var samþykktur á landsfundinum og bókaður í fundargerðir.

Á móti ráðningu

Haraldur Flosi Tryggvason var ráðinn starfandi stjórnarformaður OR í júní í fyrra. Um tímabundna ráðstöfun var að ræða en hún vakti hörð viðbrögð. Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, mótmælti þessu og taldi ráðstöfunina í miklu ósamræmi við það eftirlitshlutverk sem stjórnarformanni bærði að sinna gagnvart stjórnendum.



Á móti eigin skoðun

Haraldur Flosi er nú hættur sem starfandi stjórnarformaður, sú tímabundna ráðstöfun er sem sagt fyrir bí. Einhver hefði haldið að Sóley fagnaði því, að minnsta kosti miðað við fyrri yfirlýsingar hennar um málið. Nú ber hins vegar svo við að Sóley telur þetta hið versta ráðslag. Haraldur hafi ekki vald til að taka upp á sitt einsdæmi ákvörðun um að hætta sem starfandi stjórnarformaður. Að vera á móti því að fallið sé frá fyrirkomulagi sem maður var áður á móti hlýtur að vera nokkurs konar met.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Raunhæfur valkostur í Vogum

Vogar



Inga Sigrún Atladóttir
 Forseti bæjarstjórnar Voga

Nýlega samþykkti sveitarstjórn sveitarfélagsins Voga að aðalskipulag sveitarfélagsins yrði tekið upp og Suðurnesjalínur lagðar í jörð. Ákvörðuninni til grundvallar lá greinargerð Almennu verkfræðistofunnar sem unnin var að beiðni Suðurlinda ehf. í mars 2008 þar sem borin eru saman loftlínur og jarðstrengir en þar kemur meðal annars fram að:

- Kostnaðarhlutfall breytist verulega ef landverð og allur rekstrarkostnaður er tekinn með í reikninginn, jafnvel er hugsanlegt að kostnaður verði af svipaðri stærðargráðu.
- Veðurfar á Suðurnesjum er hagstæðara jarðstrengjum en loftlínunum, m.a. vegna seltu.
- Flutningur um jarðstreng af umræddri stærðargráðu þarf ekki að valda kerfislægum vandamálum sem ekki eru vel leysanleg.
- Áhrif á gróður og jarðlög eru talin minniháttar, séu höfð vönduð vinnubrögð við verkið.
- Almenna verkfræðistofan gerir athugasemd við þá staðhæfingu Landsnets að jarðstrengur sé ekki raunhæfur valkostur.

sem gerður var við Landsnet 2008, þar sem loftlínur eru leyfðar tímabundið, væri fallinn úr gildi þar sem Landsnet hefði ekki staðið við forsendur samkomulagsins. Á bæjarstjórnarfundi lagði ég fram tillögu um að breyta aðalskipulagi sveitarfélagsins á þann hátt að loftlínur sem Landsnet fyrirhugaði að leggja yrðu lagðar í jörðu. Tillagan var lögð fram með fullri vitund oddvita samstarfsflokksins sem m.a. las yfir tillöguna fyrir fundinn.

Nú þegar hefur verið samþykkt að leggja línur í jörð í Hafnarfirði, í gegnum Reykjanesbæ að fyrirhuguðu álveri í Helgúvík og að væntanlegum neðþjónabúum í Reykjanesbæ og Sandgerði (skv. Heimasíðu Landnets). Ekki er gert ráð fyrir því að orkufrek starfsemi í Vogum taki við orku frá strengnum en samt sem áður má vænta þess að íbúar sveitarfélagsins þurfi að greiða í raforkuverði þann kostnað sem Landsnet vill meina að bætist við raforkuverð vegna jarðstrengja. Því má spyrja sig hvers vegna íbúar í sveitarfélaginu Vogum eiga að bera aukinn raforkukostnað af jarðstrengjum í nágrannasveitarfélagunum en ekki í sínu eigin. Eða megum við vænta þess að raforkuverð verði lægra í sveitarfélaginu Vogum en annars staðar á Suðurnesjum ef hagsmunaaðilum tekst að kúga sveitarstjórnina til hlýðni?

Hin árlega busavígsla

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
riðhofundur

Árleg hefð virðist komin á að þingmenn gangi svipuð göngin milli dómkirkjunnar og Alþingis þar sem talið er tilheyra að veitast að þeim með fátækum, bauli og fúleggjum. Þessi fyrrum hátíðlega athöfn frá annarri öld er æ meira farin að líkjust busavígslu, þar sem þingmenn eru í hlutverki busanna. Ástandið er karnivalískt: fátækt og valdalaust fólk kemur á þessa þingsetningu og lætur fúleggjum og fátækum rigna yfir hina meintu valdamenn í samfélaginu.

Þarna er mannfjöldi samankominn til að láta í ljós óánægju sína. Ýmsu er mótmælt: verðtryggingunni, atvinnuleysinu, niðurskurði til velferðarmála, kvótakerfinu, kaupleigufyrirtækjunum, bönkunum, vogunarsjóðunum, eignarhaldsfélagasvindlinu, AGS, VSÍ, LÍÚ, ASÍ, málþófi stjórnarandstöðu, ofríki stjórnarmeirihluta, „aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar“, spillingu, græðgi – sjálfu valdinu, fyrir svo utan ýmsa persónulega harma.

Flestir sem þarna eru samankomnir vilja með þátttöku sinni tjá óánægju sína og þeim ber í sjálfu sér engin sérstök skylda til að sundurgreina það sérstaklega sem veldur þeim óánægju

og vansæld. Fólk er vansælt og það vill láta það í ljós – til þess hefur það rétt. Og okkur sem stöndum á lengdar ber að virða það. Við þurfum að velta fyrir okkur hugsanlegum ástæðum og hugsanlegum úrbótum – við þurfum að hugsa um þetta gagnrýnið og yfirvegað og við getum ekki afgreitt þetta fólk sem vitleysinga eða ginningarfífl eða hurðarása-um-öxl-reisendur. Það mætir þarna til að tjá eitthvað sem gæti jafnvel verið mjög mikilvægt fyrir okkur öll.

Að vera eða vera ekki – „þjóðin“

Mörg okkar ranghvolfa í sér augunum og gnísta tönnum af þirringi yfir Dorrit forsetafrú þegar hún „stígur niður“ til „þegna“ sinna og „knúsar þá“ eins og góða drottningin í ævintýrinu en hún má samt eiga það að hún sýnir hugrekki, vidurkennir í verki að þessi ein-kennilega sýning á valdinu sem prósessian hefur verið gegnum árin er orðin merkingarlaus og jafnvel óviðeigandi. Hún stígur út úr þessari ömurlegu busavígslu og spinnur nýtt ævintýri. Hún gefur þessu reiða og örvilnaða fólk á Austurvelli nokkuð sem ráðamönnum og þingmönnum gengur svo illa að gefa af sér í önnum og gráma dagsins: mannlega nálægð, mannlega hlýju.

Tilfinningasemin er raunar farin að vella fram úr óvæntum áttum – nú síðast í yfirlýsingu sem Landssamband lögreglumanna sendi frá sér þar sem það harmar að hafa þurft að vera „mannlegur skjöldur milli þings

og þjóðar“. Þetta er óneitanlega hátimbrað orðalag og athyglisvert að eggjakösturum skuli hlotnast sú upphefð í túlkun lögreglunnar að vera hvorki meira né minna en „þjóðin“. Í raun tákna yfirlýsingin að lögreglumenn harma það að hafa þurft að verja borgara þessa lands fyrir árásum ofbeldissegga. Hvað er þeim eiginlega kennt þarna í Lögregluskólanum? Það er ótrúlegt að lögreglumenn skuli láta annað eins út úr sér og öðru verður ekki trúað en að þeir sem sömdu þessi ósköp fái aldeilis að heyrja það í dag frá Ríkislögreglustjóra.

Mörk hins ásættanlega

Fátt jafnast á við það að vera í stórum hópi skoðanasystkina sem setja fram skýrar kröfur í einni taktfastrí stemmningu. En því fylgja hættur.

Þegar maður gengur inn í stóran hóp fólk að mótmæla og er sjálfur með fróman ásetningu og snjallar hugmyndir þá getur það komið fyrir lítið, því að þeir sem hæst garga og lengst ganga fá athyglina og eru þar með orðnir andlit hópsins, gefa aðgerðunum merkingu og lit. Maður getur átt á hættu að fyrirgera einstaklingstjáningu sinni í svona aðgerðum, persónulegum vilja, ábyrgð á gerðum sínum. Hugsun manns verður einfaldari þegar hún rennur saman við hugsun hópsins. Við hættum í stemmningunni að sjá aðrar hliðar málsins en þá sem hópinn sér. Fólk sem hópur getur tekið upp á ýmsu sem það myndi aldrei gera sem einstaklingar, stigið yfir einhver mörk,

losað sig við hömlur – fært mörk hins ásættanlega.

Er ekki kominn tími til að við veltum fyrir okkur mörkum þess sem ásættanlegt getur talist? Þau hafa færst.

Þegar Árni Þór Sigurðsson fellur í götuna af völdum eggjakasts þá er hann ekki „þingið“, ekki „valdið“, ekki „þeir“ heldur er þetta einstaklingurinn Árni Þór sem orðið hefur fyrir árásum þær sakir einar að vera þjóðkjörinn fulltrúi á Alþingi. Eggjið er ekki fyrst og fremst táknrænt eins og ég las á facebook-síðu hjá vinstri sinnuðu ljóðskáldi – það er einmitt mjög áþreifanlegt. Og sá sem henti egginu í Árna Þór er ekki „fólkið“ og ekki „við“, ekki „hinir valdalausu“ og alls ekki „þjóðin“ heldur er þetta einstaklingur með nafn og einkenni. Þegar hann henti egginu var hann ekki að tjá „reiði almennings“ heldur að beita annan mann ofbeldi. Það er óréttlætlegt. Um leið og hann henti egginu hafði hann ekki lengur neitt að segja annað en að hann væri maður af því tagi sem hendur hlutum úr launsátri á annað fólk. Við verðum að hætta að gefa slíku fólk lögmæti og réttlættingu fyrir sjúklegu framferði sínu. Við getum reynt að skilja fólk sem er samankomið á Austurvelli til að tjá vansæld sína og reiði, við getum reynt að setja okkur inn í málflutning Hagsmunasamtaka heimilanna og samtaka skuldaranna, rök-rætt við þetta fólk, talað saman: en við þann sem hendur eggjum og tómötum í annað fólk eigum við ekkert vantalað.

AF NETINU

Beini reiðinni annað

Velti því fyrir mér hvort ekki sé kominn tími til að reiður almenn-ingur beini reiði sinni eitthvert annað en að gamla húsinu við Austurvöll? Þar sitja að vísu margir liðónýtir einstaklingar þegar kemur að stjórnárum og framförum þjóðinni til heilla. Kosningar og útsöpun þar er óhjákvæmileg niðurstaða og ekki seinna en strax. En völd þessara einstaklinga eru afar takmörkuð – völdin eru í annarra höndum.

Hinir raunverulegu sakamenn ganga um aðra ganga hvar eggjum ekki rignir. Íslendingar gætu lítið vestur um haf til að leita uppi vettvanginn. Maður þarf ekki einu sinni að mæta – kannski bara að hætta að borga. En það má líka heimsækja höfuðstöðvar strákanna í SA, LÍÚ og kannski eins og þriggja banka – eða hvað?

blog.eyjan.is/grimuratlason

Grimur Atlason

Dýrmæt „heimildamynd“

Kvikmyndin Eldfjall og allir þeir sem að henni standa eiga skilið þau verðlaun og það lof sem hún hefur fengið. Ég kalla myndina „heimildamynd“ innan gæsalappa vegna þess að mörkin milli leikinna mynda og heimildamynda geta oft verið víðari en virðist í fljótu bragði. Fyrir alla þá, sem hafa upplifað hlíðstæður þess, sem gerist í myndinni Eldfjalli, var myndin afar dýrmæt varðandi það að íhuga efni hennar.

omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

Á TJALDVÖGNUM OG FELLIHÝSUM
FJÖLDI TILBOÐA Á
AUKAHLUTUM

400.000,-kr.
AFSLÁTTUR
af ÆGISVAGNI

500.000,-kr.
AFSLÁTTUR
af sýningarvögunum

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AUKAHLUTUM

Ferðaklósett



-20%

Grjótgrind



-50%

Sóltjald



-30%

Stólar
og borð



-30%

Fortjald



-25%

KÍKTU VIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP
TAKMARKAÐ MAGN



SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið

Mán - föstudaga 09:00-18:00

Laugardaga 11:00-16:00

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík

S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Svisslendingar tengja frankann við evruna!

Evrumál

Andrés Pétursson

formaður
Evrópusamtakanna



húsnæðisvexti. Um þetta var meðal annars fjallað í vandaðri skýrslu nefndar Framsóknarflokksins frá árinu 2008 um gjaldmiðilsmál. Þar segir meðal annars

„Eftir að hafa kynnt sér þau sjónarmið sem hafa verið uppi um gjaldmiðilsbreytingar og kallað á fund sinn hóp sérfræðinga og hagsmunaaðila um málefnið er það skoðun nefndarinnar að það séu fyrst og fremst tveir kostir sem komi til greina.

„Eini raunhæfi valkostur Íslands í gjaldeyrismálum, ef menn vilja ekki evru, er að halda í krónuna.

Annaðhvort að viðhalda krónunni sem framtíðargjaldmiðli og þá með fjölbreyttari framkvæmd peningastefnu og stórfleðum gjaldeyrisvarasjóði eða með því að taka upp evru sem gjaldmiðil með fullri aðild að peningamálstefnu Seðlabanka Evrópu. Rökin fyrir því að taka upp evruna ef skipt er um gjaldmiðil á annað borð eru m.a. að nýr gjaldmiðill þurfi að endurspegla utanríkisviðskipti þjóðarinnar sem best og vera stór alþjóðlegur gjaldmiðill. Sá gjaldmiðill sem er besti samnefnari þessara þátta fyrir Ísland er evran.

Af einhverjum ástæðum hafa núverandi forystumenn

Framsóknarflokksins stungið þessari skýrslu ofan í skúffu. Búið er að fjarlægja tengil í skýrsluna af heimasíðu flokksins og lítið sem ekkert er vísað í hana í umræðum þingmanna flokksins um gjaldmiðilsmál.

Í þessu sambandi má horfa af reynslu Svisslendinga. Þeir hafa löngum verið litnir öfundaraugum af mörgum varðandi stöðugleika gjaldmiðil síns. En í opnu hagkerfi alþjóðasamfélagsins er lítið skjól fyrir litla gjaldmiðla, meira að segja svissneska frankann. En vandamál frankans er af öðru tagi en íslensku krónunnar. Vegna vantrúar alþjóðlegra fjárfesta á öðrum gjaldmiðlum hafa þeir verið að kaupa svissneska franka í stórum stíl. Þetta hefur hækkað gengi frankans þannig að samkeppnishæfni landsins hefur stórversnað á undanföllum misserum. Svisslendingar eru afskaplega praktísk þjóð og nú hafa þeir gripit til þess ráð að tengja gjaldmiðil sinn við evruna.

Í nýjasta tölublaði „European Voice“ er fjallað um þetta mál. Þar segir meðal annars: „Svisslendingar eru á margan hátt fórnarlömb eigin velgengni. Með 3% atvinnuleysi, 2,6% hagvöxt, hagstæðan vöruskiptajöfnuð og lágar skuldir hins opinbera þá líta alþjóðlegir fjárfestar til Sviss. En hlutfallsleg stærð svissneska hagkerfisins er það lítil að innlendir stjórnmála- og bankamenn hafa í raun lítil áhrif í heiminum. Svissneski frankinn er stolt tákn fullveldis landsins en í raun er það fullveldi lítið orðið.“

Er eitthvað að marka stefnuræðu forsætisráðherra?

Stjórnmál

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

alþingismaður
og formaður
Framsóknarflokksins



Íkvöld flytur Jóhanna Sigurðardóttir stefnuræðu sína. Flestir muna hvernig ástandið var á Austurvelli við sama tilefni fyrir ári síðan. Í ljósi fjöldamótmæla gat ríkisstjórnin ekki annað en brugðist við. Yfirlýsingar voru gefnar um að tekið yrði mynduglega á skuldum heimilanna. Skipuð var nefnd. Niðurstaðan var ekki almenn leiðrétting skulda heldur að búin yrðu til flókin, sértæk úrræði. Reynslan sýnir að fáir hafa getað nýtt sér úrræðin, þau hafa skilað litlu og að fólk er mismunad eftir því við hvaða banka eða lánastofnun það hefur viðskipti.

Hver verða skilaboð forsætisráðherra til þjóðarinnar í kvöld?

Það er því miður ekki flókið að spá fyrir um málfutning forsætisráðherra í kvöld. Hún mun tala um hversu hratt og vel hefur gengið að endurreisa íslenskt efnahagslíf og að á Íslandi hafi mælst næstmesti hagvöxtur OECD ríkja á 2. ársfjórðungi 2011. Að auki má búast við endurteknu efni; að ríkisstjórnin hafi lagt grunn að 7.000 störfum sem verði til „á næstu misserum“; að verðbólga hafi lækkað og að slakað hafi verið á heljargreipum verðtryggingarinnar með því að bjóða upp á óverðtryggð lán hjá bönkum og Íbúðalánasjóði; að 150 milljarðar hafi verið afskrifaðir af skuldum heimilanna og að „allir hafi fengið eitthvað“ eins hún orðaði það í Kastljósi. Að lokum er ekki ólíklegt að forsætisráðherra hreyki sér af því að árangur ríkisstjórnarinnar vekti nú alþjóðlega athygli.

Er eitthvað að marka þetta?

Endurreisnin hefur ekki gengið hratt og vel. Þvert á móti hafa gríðarleg tækifæri glatast. Atvinnulífið er enn í frosti eins og jafnvel ASÍ bendir á og ríkisstjórnin hefur á pólitískum forsendum þvælst fyrir hverju atvinnuskapandi málinu á eftir öðru. Listi þeirra erlendu fjárfestingarverkefna sem stefna og aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa fælt frá landinu lengst sífellt.

Hagvöxtur á Íslandi er í næst-neðsta sæti, (ekki næstefsta) OECD-ríkja þegar lítið er á valdatíma ríkisstjórnar Jóhannu Sigurðardóttur. Aðeins evrópska vandræðabarnið Grikkland er verr stadd í þeim samanburði, enda hagvöxtur hér neikvæður um 6,7% árið 2009 og aftur neikvæður um 4,0% í fyrra. AGS spáði því í apríl að verðbólga hér á landi yrði um 2,6% á þessu ári. Hún er nú komin í 5,7% og ekki útlit fyrir lækun, þvert gegn lofordum ríkisstjórnarinnar við síðustu kjarasamningagerð. Það er aðeins eitt margra markmiða sem ríkisstjórnin setti fram þá sem ekki hafa staðist.

Forsætisráðherra hefur verið

að tala um að grunnur hafi verið lagður að þúsundum starfa sem verði til „á næstu misserum“ síðan hún tók við embætti. Og þótt atvinnuleysi mælist nú „aðeins“ 6,7% hafa þúsundir Íslendinga og erlendra ríkisborgara flutt frá Íslandi vegna atvinnuleysis. Fækkun starfa er því mun meiri en atvinnuleysistölur dagsins í dag segja til um. Endurtekin loforð Jóhannu Sigurðardóttur um þúsundir starfa á „næstu misserum“ eru því aðeins til marks um að ríkisstjórn hennar hefur mistekist að endurreisa atvinnulífið í landinu.

Afnám verðtryggingar? Leiðrétting skulda?

Munum líka að fjölgun óverðtryggðra lánakosta hjá bönkum og Íbúðalánasjóði núna er ekki það sama og að afnema verðtryggingu á þeim lánum sem heimilin burðast með nú þegar. Áður en Íbúðalánasjóður getur boðið upp á óverðtryggð útlán þarf sjóðurinn að vinna sig út úr verðtryggingunni. Vinnan er á byrjunarstigi sem þýðir að óverðtryggð fasteignalán eru ekki handan við hornið eins og Jóhanna gefur í skyn. Auk þess verður ekki hægt að bjóða þeim sem þegar hafa tekið verðtryggð lán að breyta þeim í óverðtryggð. Þessi aðgerð tekur því ekki á vandanum sem verðtryggingin veldur íslenskum heimilum.

Varðandi afskriftir til heimilanna getur forsætisráðherra ekki talið sér til tekna þá 120 milljarða niðurfærslu sem kom til vegna ólöglegra gengislána. Það héti að skreyta sig með stolnum fjöðrum. Aðeins tæp 2% af skuldum heimilanna hafa verið leiðrétt fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar. Það er staðreyndin um skjaldborgina.

Það er hins vegar alveg rétt hjá Jóhannu að ríkisstjórn hennar hefur sannarlega vakið alþjóðlega athygli. Eftir meira en 100 skattabreytingar og loforð um fleiri, stórrtar yfirlýsingar ráðherra um þjóðnýtingu fyrir-tækja og að gjaldmiðill landsins sé ónýtur er Ísland komið á opinbera lista tryggingafyrirtækja yfir ríki þar sem alþjóðlegir fjárfestar þurfa sérstaklega að óttast pólitíska óvissu.

Við þurfum nýja hugsun, nýja áætlun

Það er furðulegt að hugsa til þess að í kvöld mun forsætisráðherra flytja þjóðinni stefnuræðu sem heldur ekki vatni. Spyrja má hvort ekki væri einfaldara fyrir hana að endurflytja ræðuna frá 4. október í fyrra. Fátt hefur breyst síðan þá. Sú staðreynd er til marks um að það er þörf á nýrri hugsun. Einungis þannig má snúa við þeim öfugum hvötum sem hafa verið festir í sessi undanfarin tvö og hálf ár og hefja uppbyggingu raunverulegs velferðarsamfélags. Tími atvinnuuppbyggingar og fjárfestingar þarf að hefjast. Tími skattahækkana og blóðugs niðurskurðar á grunnstöðum samfélagsins, tími Jóhannu Sigurðardóttur, er liðinn.

Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Visir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlitum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegri er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagsamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappi og tölvum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaoir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki eftir á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fé að hitta þig og að fé þannig tækifæri á að euka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



Allt fínt fyrir jólin



Í október kynnum við fjölda tilboða sem auðvelda þér að gera **allt fínt fyrir jólin** og halda kostnaðinum í lágmarki.

Fylgstu með!

KAUPLÁN

Nánar á husa.is

0%

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

VAXTALAUST LÁN



HÚSASMIÐJAN



ÓSKAR ÁRNI ÓSKARSSON skáld er 61 árs í dag.
„Allir vegir geyma ferðalög, allar hafnir brottför og komu.“



GÓÐ TEKJULIND Bleika slaufa Krabbameinsfélagsins var búin til af fátækum konum í Zúlúlandi í Suður-Afríku.

Slaufan skapar fátækum tekjur

Salan á bleiku slaufunni hófst um helgina en með kaupum á henni styður fólk við starf Krabbameinsfélagsins. Í ár er ávinningurinn tvöfaldur því um leið styrkir fólk fátækar barnafjölskyldu í Suður-Afríku.

Í Zúlúlandi í Suður-Afríku, er ein hæsta tíðni HIV-smits í heiminum. Þessi mikli faraldur hefur valdið því að um 1,4 milljónir barna eru foreldralaus.

Í grænum sveitum Zúlúlands búa margar „ömmur“ sem annast yfir tug barna hver. Sum börnin eru barnabörn þeirra en önnur hafa einfaldlega ekki í önnur hús að venda. Þessar ömmur, eða „Gógós“ eins og þær eru kallaðar, hafa litla tekjumöguleika og búa við afar þröngan kost í litlum leirkofum.

Norsku samtökin Zulu-fadder, sem stofnuð voru af leikkonunni Mari Maurstad, veita þessum konum og börnum aðstoð m.a. með byggingu leikskóla, eflingu heilsugæslu og skóla. Í ár höfðu Zulu-fadder milligöngu um að útvega þeim vinnu



BLEIKA SLAUFAN 2011 Í ár er bleika slaufan búin til úr perlum.

við að perla bleiku slaufuna fyrir Krabbameinsfélag Íslands.

Margrét Jónsdóttir og Elísabet Haraldsdóttir fóru sem sjálfboðaliðar á vegum Krabbameinsfélags Íslands og heimsóttu Zúlúland, konurnar sem unnu slaufurnar og starfsmenn samtakanna. Þar gengu þær úr skugga um að launin fyrir bleiku slaufuna færu beint til þeirra kvenna sem unnu hana.

PETTA GERÐIST: 3. OKTÓBER 2007

Hillary talin örugg um tilnefningu

Í niðurstöðum skoðanakönnunar um það hver ætti að verða frambjóðandi Demókrataflokkans í bandarísku forsetakosningunum 2008 sem birtar voru 3. október 2007 naut Hillary Clinton langmests fylgis. Hún hafði tólf punkta fram yfir helsta keppinaut sinn Barack Obama og í bandarískum blöðum var því slegið föstu að kapphlaupið um útnefningu flokksins til forseta-

framboðsins væri lokið. Clinton væri örugg.

Eftir því sem leið á kosningabaráttuna hrundi fylgið þó hratt af Clinton og á endanum stóð Barack Obama uppi sem forsetaframbjóðandi Demókrata. Hann sigraði síðan í forsetakosningunum og varð 44. forseti Bandaríkjanna Norður-Ameríku og fyrsti þeldökki maðurinn til að gegna því embætti.



LEIKFÉLAG HAFNARFJARÐAR: FAGNAR 75 ÁRA AFMÆLI MEÐ BARNASÝNINGU

Kraftmikið fólk nær flugi

Leikfélagið var stofnað 1936 af nokkrum félögum sem komu saman og höfðu það að skemmtun að setja upp leikverk,“ segir Þráinn Óskarsson, formaður Leikfélags Hafnarfjarðar sem fagnar 75 ára afmæli sínu á þessu ári. „Fyrsta leikritið sem þau settu upp saman var Almennarómur og síðan rak hvert verkið annað.“

Félagið hefur verið starfrækt síðan en þó hafa komið lögðir í starfseminna á köflum. „Það fer eftir því hversu kraftmikið fólk kemur inn í félagið hversu miklu flugi það nær,“ segir Þráinn. „Það dofnaði yfir félaginu 1943 og það var í lögð í töluverðan tíma og var á hrakhólum með húsnæði. Fékk inni hér og þar en aldrei til lengri tíma, sem eðlilega dró úr krafti starfseminnar. Síðan gerist það að ákveðinn hópur hér í Hafnarfirði kemur saman og stofnar atvinnuleikhús sem er í dag Gaflaraleikhúsið. Það fær til afnota húsið sem Hafnarfjarðarleikhúsið hafði verið starfrækt í við Víkingastræti og í frambaldinu gerði Leikfélag Hafnarfjarðar samning við það um samnýtingu húsnæðisins og hér erum við nú.“

Afmælissýning LH er barnaleikritið Fúsi froskagleypir eftir Ole Lund Kirkegaard í þýðingu Olgu Guðrúnar Árnadóttur. „Við sýndum þetta verk upphaflega 1972 í Bæjarbíói og það varð svo vinsæl sýning að við ákváðum að fagna afmælinu með því að sýna það aftur. Leikstjórinn Björk Jakobsdóttir staðfærði verkið þannig að nú er sögusviðið Hafnarfjörður nútímans og boðskapurinn er auðvitað sigildur, en verkið fjallar öðrum þræði um einelti,“ segir Þráinn.

Sýningum á Fúsa froskagleypi var hætt fyrir fullu húsi í sumar en nú hefur sýningin verið tekin upp aftur og voru fyrstu sýningarnar um nýliðna helgi. Sýnt verður í Gaflaraleikhúsinu á laugardögum og sunnudögum.

Næstu skref LH eru ekki að fullu ákveðin en Þráinn segir þó ýmislegt í bígerð sem ekki sé tímabært að greina frá. „Auk þess erum við með leiklistarnámskeið fyrir 8-15 ára krakka þar sem Björk Jakobsdóttir leikkona og Lárus Vilhjálmsson leiðbeina krökkunum og gaman er að geta þess að flestir krakkarnir í Fúsa froskagleypi voru einmitt á slíku námskeiði áður en þau voru valin í sýninguna.“



KRAFTMIKIL STARFSEMI „Það er alltaf pláss fyrir gott fólk og við tökum vel á móti öllum,“ segir Þráinn Óskarsson, formaður Leikfélags Hafnarfjarðar.

Um hundrað manns eru skráðir félagar í LH en um 40 þeirra eru virkir í starfseminni að sögn Þráins. „Það er alltaf pláss fyrir gott fólk og

við tökum vel á móti öllum svo það er bara um að gera að drífa sig af stað og taka þátt í skapandi og skemmtilegu starfi.“

fridrikab@frettabladid.is



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásgerður Gísladóttir

áður til heimilis að Aflagranda 40, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, sunnudaginn 25. september. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 4. október kl. 15.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Hrafnhildur Sigurðardóttir
Gíslína Guðmundsdóttir
Ólöf og Axel, Ragnar, Sigurður Ásar, Hrafn og langömmubörn.

Brynjúlfrur Sæmundsson
Haraldur Dungal



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Ástkær eiginnmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hafsteinn Sölvason

tjónamatsmaður
Garðatorgi 7, Garðabæ,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 4. október kl. 13.00.

Kolbrún Haraldsdóttir

Knútur Sölvi Hafsteinsson

Ágúst Hafsteinsson

Örn Hafsteinsson

Hafdís Hafsteinsdóttir

Eygló Eiðsdóttir

Jónína Björk Birgisdóttir

Íris Baldursdóttir

Sturla Ragnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Snæbjörnsdóttir

Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,

lést laugardaginn 24. september á Hrafnistu, Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 3. október (í dag) kl. 13:00.

Elín Birna Hjörleifsdóttir
Jón Hjörleifsson
Sigríður Hjördís Hjörleifsdóttir
og aðrir aðstandendur.



Lyklahús eftir iðnhönnuð-
inn Hjördísi Ýr Ólafsdóttur
eru nú fánleg í Epal og
Mýrinni. Þau fást í nokkrum
litum og koma sér vel til
að halda lykklum og mikil-
vægum pósti til haga.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálf-
virkan hurðaopnunarbúnað
ásamt uppsetningu og
viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir
aðgengi fatlaðra.
Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler hf. Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
s: 58 58 900 www.jarngler.is

Ný íslensk hönnun byggð á íslenskum þjóðvísu

Húsdýrin á hanka

Hani, krummi, hundur, svín er
heiti nýrra snaga úr áli eftir
þau Ólaf Þór Erlendsson og
Silvíu Kristjánsdóttur. Snagana
kynntu þau á HönnunarMars í Epal í vor
og nú eru fyrstu eintökin komin í fram-
leiðslu. Form sitt og nafn draga snagarnir
af gamalli íslenskri þjóðvísu, en Ólafur og
Sylvía vinna saman undir heitinu
Hár úr hala.

„Við höfum bæði áhuga
á sögum og það verður

líklega undirtónninn í okkar vörum,“
útskýrir Ólafur, en nafn hönnunar-
teymisins er einmitt fengið úr sögunni
um Búkollu. „Þar eru hár úr hala Búkollu
notuð til að skapa eitthvað nýtt, eins og við
gerum úr efni,“ bætir hann við.


„Vísurnar eru mjög myndrænar og
okkur fannst þær henta vel í þetta verk-
efni,“ segir Sylvía. „Við hugsum snagana
fyrir unga sem aldna. Litirnir eru svartur
hvítur og grár svo þeir fara vel inni í for-
stofu.“

HEIMILI | 2



Hitastýrð sturtu blöndunar-
tæki með höfuð- og
handúðara með nuddi.

Tilboð
69.400



ÍSLEIFUR
JÓNSSON | Dragháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00 |
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

Notalegir svefnsófar og hægindastólar

Ný sending



Frá 269.900,-



Íslenski svefnsófinn
329.900,-



169.900,-

Lýftustóll
frá 129.900,-



Tíboð 3+2 sett
259.870,-



59.900,-

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Sjá nánar verð og
ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00



Hautverkunum fylgir að raka lauf en það er mikilvægt að fjarlægja lauf af grasflötum því ef það er látið liggja í þykku lagi vill grasið kafna og deyja. Ekki skal henda lafunum heldur raka þau út í beðin, undir limgerði, tré og runna. Þau brotna fljótt niður og eru orðin ágætis mold strax árið eftir.

HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
 Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

HITA KÚTAR
 Amerísk gæða framleiðsla
 30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR
 DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
 Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
 www.help.is

Allir geta misst tókin

Erilsamt hefur verið hjá teymi sem borgaryfirvöld settu saman á síðasta ári í því skyni að taka til hjá fólki þar sem umgengni og hreinlæti er verulega ábótavant. Biðlistar mynduðust á tímabili.

Heimaþjónusta Reykjavíkur setti í maí á síðasta ári saman viðbragðsteymi sem hefur það starf að taka til hendinni hjá fólki þar sem umgengni og hreinlæti er verulega ábótavant. Sigrún Ingvarsdóttir, deildastjóri hjá heimaþjónustu Reykjavíkur, segir undanfarna mánuði hafa verið verulega erilsama.



Sigrún Ingvarsdóttir

„Mikið hefur verið að gera. Biðlistar mynduðust til dæmis í sumar og starfsmenn höfðu þá vart undan við að komast yfir allt saman,“ upplýsir hún en segir ástandið hafa róast upp á síðkastið.

Að sögn Sigrúnar eru málin sem koma inn á borð teymisins ólík að umfangi, allt frá léttri tiltekt og aðstoð við heimilisinnkaup til „meiriháttar lagfæringa“ sem þarf langan tíma til að greiða úr. „Stundum þarf bara að henda endurvinnanlegum umbúðum, þvo þvott eða fara með bíl sem hefur staðið lengi bílaður í viðgerð. Í erfiðustu tilfellum hefur kannski ekki verið farið lengi út með sorp eða hreinsað kringum gæludýr og svo mikið drasl safnast að fólk

sefur ekki lengur í eigin rúmi fyrir plássleysi.“

Fyrir kemur að teymið ræður ekki við ákveðin mál, eins og í tilvikum þar sem fíkniefna er neytt. „Við höfnum einfaldlega slíkum málum, þar sem viðbúið er að allt fari í sama horf á skömmum tíma. Svo tókum við heldur ekki í mál að setja starfsmenn í hættu,“ segir Sigrún.

Þjónustuna þarf að sækja um hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur, sem meta hvert tilvik fyrir sig. Ef ástæða er talin til að ræsa út viðbragðsteymið eru einn eða tveir starfsmenn sendir í vettvangskönnun og þeim fjölgað ef þurfa þykir.

„Fólk sem velst í þessa vinnu og fer inn í svona kringumstæður þarf að vera fordómalaust því íbúarnir eru vitanlega viðkvæmir fyrir því að ókunnugir komi inn á heimili þeirra. Sumir eru meira að segja mótfallnir því í fyrstu þar sem aðrir hafa gert þjónustumiðstöðvunum viðvart og þá þarf að beita fortölum til

að geta veitt hjálp,“ segir Sigrún og getur þess að þetta sé breiður og ólíkur hópur fólks.

„Þetta er fólk á öllum aldri, fatlaðir, sjúklingar eða aðrir sem hafa fengið áföll eða kljást við kvíða, þunglyndi eða söfnunaráratu. Allir geta lent í því enda glímur stór hluti þjóðarinnar við þunglyndi einhvern tímann á ævinni. Fólk á ekkert annað sameiginlegt en að hafa misst tókin á tilverunni.“

Sigrún tekur fram að verkefnið sé þó enn á tilraunastigi á meðan verið sé að meta ávinninginn af þessum inngrípum. „Við vitum að skammtímaáhrifin eru góð en ef þetta skilar engu þegar til lengri tíma er lítið skoðum við önnur úrræði.“

roald@rettabladid.is



„Fólk á ekkert annað sameiginlegt en að hafa misst tókin á tilverunni. Okkar hlutverk er að ávinna okkur traust viðkomandi og hjálpa honum út úr ógöngunum,“ segir Sigrún.

BYLGJAN 25 ÁRA
 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

JEPPARAFAFGEYMAR

Öflugir **TUDOR High Tech** rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
 SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Gólfhitakerfi
 Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
 Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Framhald af forsíðu



Snagana hugsa Sýlvía og Ólafur fyrir barnafatnað en segja þjóðlega rómantikina í formunum höfða til ungra sem aldinna. Snagarnir fást í Epal.

Hiti í bústaðinn

Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta

Íslensk framleiðsla í 20 ár

Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

Snagarnir segja því ekki bara sögu heldur eru þarfapening og leggja Ólafur og Sýlvía bæði áherslu á notagildið í hönnuninni. Snagarnir eru laser-skornir úr plötuaáli, beygðir og plýhúðaðir og hvergi eru suður eða samsetningar. Fyrstu útgáfunar eru með þremur og fjórum hönkum en von er á minni snögum með tveimur hönkum og einu dýranna úr vísunni, fyrir jólin.

Snagarnir er fyrsta vöruhönnun þeirra beggja sem fer í fjöldaframleiðslu. Ólafur er innanhúsráðgjafi og húsgagnhönnuður og Sýlvía er grafískur hönnuður. Þau stefna nú á að koma fleiri vörum á markað.

„Það eru margar hugmyndir á teiknborðinu í þessum sama anda,“ segir Ólafur og Sýlvía tekur undir það, þjóðsögurnar höfði sterkt til þeirra beggja. „Það er ákveðin fortíðarþrá þarna á ferðinni og þjóðleg rómantik sem snertir okkur öll.“

Til að byrja munu snagarnir fást í Epal Skeifunni, Epal design í Leifsstöð og Epal í Hörpu. Nánar um hönnun Hár úr hala er að finna á www.harurhala.is

heida@rettabladid.is

LANDMARK

FASTEIGNASALA

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

512 4900

www.landmark.is!



Magnús Einarsson
lögiltur fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
sölustjóri



Sigurður Samúelsson
lögiltur fasteignasali



Sveinn Eyland
lögiltur fasteignasali



Kristberg Snjólfsson
sölufulltrúi



Friðbert Bragason
sölufulltrúi



Eggert Mariuson
sölufulltrúi



Sigrún Hákonardóttir
vöðskiptafræðingur -
skjalagerð

Árangur - Fagmennska - Framsækni



FJÁRFESTING

FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Lögiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Skógarhlíð 12 - Reykjavík.



Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða 3. hæðina sem er skipt niður í ca. 80 og 170 fm. einingar. Einnig er jarðhæðin, ca. 550 fm., sem hægt er að skipta niður.
Upplýsingar gefur Gunnar í síma 693-7310.



Stofan er björt og rúmgóð.



Ytra byrði hússins var allt tekið í gegn fyrir um tveimur árum.

Eign á eftirsóttum stað

Heimili fasteignasala er með á skrá einbýlishús við Hrauntungu 22 í Kópavogi. Húsið verður til sýnis á morgun.

Mikið endurnýjað tveggja hæða einbýlishús og bílskúr í Suðurlíðum Kópavogs er komið á skrá hjá Heimili fasteignasölu. Íbúðar- rýmið er 175,2 fermetrar og bílskúrinn 23,4 fermetrar, samtals 198,6 fermetrar. Inni af bílskúrnum er rúmlega 60 fermetra óskráð rými sem býður upp á ýmsa möguleika. Ytra byrði hússins var allt tekið í gegn fyrir um tveimur árum. Fimm svefnherbergi eru í húsinu.

Á efri hæð er komið inn í forstofu með fataskáp. Inni af henni er gestasnyrtung með glugga. Frá forstofunni tekur við hol. Á efri hæðinni eru fjögur svefn-

herbergi og fataskápur í tveimur þeirra. Frá hjóna- herbergi er unnt að ganga út á stórar suðursvalir sem liggja einnig meðfram stofunni. Frá svölum er hægt að ganga niður á hellulagða verönd. Baðherbergi er í flísalagt í hólf og gólf, með eikarinnréttingu með halógenlýsingu, baðkari, upphengdu salerni og glugga. Stofa og borðstofa eru bjartar og rúmgóðar stofa. Arinn í stofu. Frá stofu er gengið út á suðursvalir. Eldhús er með borðkrók, snyrtilegri viðarinnréttingu með flísum á milli efri og neðri skáps.

Neðri hæð: Teppalagður stigi í kjallarann. Í kjallara er þvottahús með glugga, geymsla, lítið eldhús, herbergi sem er nýtt sem sjónvarpsherbergi og baðherbergi. Sérinnangangur er á neðri hæðinni, en hana er auðvelt að nýta sem litla íbúð.

Sölusýning er á morgun klukkan 17.30.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Afrekin eru tvenns konar. Framarar rifu sig upp úr vonlítilli stöðu í byrjun ágúst í það að fá flest stig allra liða í deildinni í síðustu sjö umferðunum. Grindvíkingar fóru hins vegar á einn erfðasta útvöllinn í deildinni í lokaumferðinni og unnu þar sigur þegar ekkert annað en þrjú stig gat á endanum bjargað þeim frá falli úr deildinni. ÍBV hafði ekki tapað við Hástein síðan í byrjun maí.

„Staðan er auðvitað slæm. Mjög slæm. En það er ekkert hægt að hætta, menn verða að mæta áfram og spila fótboltaeiki,“ sagði sár og svektur Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, í viðtali í Fréttablaðinu eftir að liðið hans glutraði niður forystu á síðustu mínútnum.

2-1

Laugardalsvöllur, áhorf.: 872 • Þorvaldur Árnason (6)

1-0 Steven Lennon (4.)
1-1 Björgólfur Takefusa (38.)
2-1 Arnar Gunnlaugsson, víti (62.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-12 (5-5)
Varin skot	Ögmundur 5 - Magnús 3
Horn	4-2
Aukaspjrnur fengnar	6-10
Rangstöður	3-1

FRAM 4-3-3	VÍKINGUR 4-5-1
Ögmundur Kristinnsson 6	Magnús Þormar 7
Almarr Ormarsson 6	Kristinn Jens Bjartm. 5
Hlynur Atli Magnússon 7	Gunnar Einarsson 5
Allan Lowing 6	(74. Róbert Jack) 5
Sam Tillen 6	Mark Rutgers 6
*Halldór Hermann 7	Sigurður Egill Lárusson 3
Jón Gunnar Eysteinnsson 6	Magnús Páll Gunnar 4
Samuel Hewson 6	(74. Helgi Sigurðsson) 4
Kristinn Ingi Halldórsson 5	Kristinn Magnússon 5
(71. Andri Júlíusson) 4	Baldur Adalsteinsson 4
Steven Lennon 7	Aron Elís Þrándars. 6
(77. Kristján Hauks.) 5	Hörður Bjarnason 3
Arnar Gunnlaugsson 7	(66. Viktor Jónsson) 4

**Maður leiksins*

gegn Stjörnuni í 15. umferð 15. ágúst. Fram var þá með einn sigur og átta stig eftir fimmtán leiki og átta stigum frá öruggu sæti.

Framarar hafa nú bjargað sér 9 sinnum í 10 tilraunum í lokaumferð efstu deildar karla en það má segja að þetta sé í þriðja sinn sem Framarar rísa upp frá dauðum. Það má bera þetta sumar við sumrin 2001 og 2003 þegar staðan var einnig mjög svört á botni deildarinnar í lok júlí.

Lokaspætturinn þá var hins vegar glæsilegur eins og í ár þegar liðið fékk 16 stig út úr síðustu 7 leikjum sínum. Fram fékk 16 stig út úr síðustu 8 leikjunum 2001 og endaði á því að vinna 5-3 sigur á Keflavík í lokaumferðinni. Fram fékk 15 stig út úr síðustu 7 leikjum sínum sumarið 2003 og endaði á því að vinna 1-0 sigur á Þrótti í lokaumferðinni.

Grindvíkingar, sem björguðu sér í sjöunda sinn í átta tilraunum, jöfnuðu met Framara með því að bjarga sér í fjórða sinn í lokaumferð eftir að hafa setið í fallsæti fyrir síðustu umferðina. Grindavík hafði einnig komið sér upp úr fallsæti í lokaumferðunum 1998, 1999 og 2005.

Eiga fullt erindi í þessa deild

Þórsarar sátu aðeins í fallsætinu í rúmar tólf mínútur í loka-

0-2

Hásteinsvöllur, áhorf.: 625 • Gunnar Jarl Jónsson (4)

0-1 Ólafur Örn Bjarnason (80.)
0-2 Magnús Björgvinsson (83.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-3 (3-3)
Varin skot	Abel 1 - Óskar 3
Horn	8-2
Aukaspjrnur fengnar	13-9
Rangstöður	4-2

ÍBV 4-3-3	GRINDAVÍK 4-3-3
Abel Dhaira 5	*Óskar Pétursson 9
Arnór Eyvar Ólafsson 6	Óli Baldur Bjarnason 6
Rasmus Christiansen 6	Ólafur Örn Bjarnas. 7
Þórarinn Ingi Valdim. 5	Jamie McCunnie 4
Matt Garner 5	Jósef Kr. Jósefsson 5
Tony Mawejje 6	Jóhann Helgason 5
Guðm. Þórarinnsson 5	Matthías Örn Friðriks. 6
Finnur Ólafsson 5	Orri Freyr Hjaltalin 6
Ian David Jeffs 6	Scott Ramsay 7
(79. Brynjar Gauti) 4	(88. Ray Anthony) 4
Aaron Spear 4	Haukur Ingi Guðnas. 5
(88. Kjartan Guðjón.) 4	(79. Michal Pospisil) 4
Tryggvi Guðmundsson 3	Magnús Björgvinsson 6

**Maður leiksins*



MAÐURINN DAGSINS Óskar Pétursson stóð sig frábærlega í marki Grindavíkur í Eyjum og var líka vel fagnað í leikslok.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON

umferðinni, í tvær mínútur í fyrri hálfleik áður en þeir náðu að minnka muninn í 2-1 í Keflavík og svo síðustu tíu mínúturnar eftir að Grindavíkurliðið komst yfir í Eyjum. „Við höfum verið í vandræðum á útivelli í sumar og á því varð engin breyting í dag. Það er sárt að falla því mér finnst strákarnir hafa sýnt í sumar að þeir eigi fullt erindi í þessa deild,“ sagði Páll Gíslason, þjálfari Þórs. Kannski voru það litlu breyt-

2-1

Nettölvullurinn, áhorf.: 1050 • Kristinn Jakobsson (x)

1-0 Magnús Sverrir Þorsteinsson (14.)
2-0 Jóhann Birnir Guðmundsson (16.)
2-1 Sveinn Elías Jónsson (18.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8-12 (6-3)
Varin skot	Ómar 2 - Srdjan 4
Horn	2-3
Aukaspjrnur fengnar	4-9
Rangstöður	0-2

KEFLAVÍK 4-3-3	ÞÓR 4-3-3
Ómar Jóhannsson 7	Srdjan Rajkovic 7
Viktor Smári Hafst. 6	Aleksandar Linta 6
(85. Ásgrímur Rún.) 6	Þorsteinn Ingason 6
Adam Larsson 6	Janez Vrenko 6
Guðjón Árni Anton. 7	Gisli Páll Helgason 5
Brynjar Guðmundsson 6	Clark Keltie 6
Einar Orri Einarsson 6	Gunnar Már Guðm. 5
(76. Magnús Þór) 6	Atli Sigurjónsson 6
Andri Steinn Birgiss. 6	(82. Ragnar Hauks.) 5
Jóhann Birnir Guðm. 7	Ármann Pétur Evars. 6
(88. Kjartan Guðjón.) 4	(82. David Disztl) 4
Hilmar Geir Fíðsson 7	Sveinn Elías Jónsson 7
Guðm. Steinarsson 7	Jóhann Helgi Hann. 6
(46. Sigurbergur Elís.) 5	

**Maður leiksins*

ingarnar sem höfðu bestu áhrifin. Víkingar ákváðu að reka þjálfara sinn Andra Marteinnsson en það gekk ekkert hjá Bjarnólfi að koma Víkingisliðinu í gang fyrr en það var fallið úr deildinni.

Fyrirliðabandið og Ríki Daða

Hins vegar virtist það hafa mikil og góð áhrif á Framliðið að Þorvaldur Örlygsson fékk reynsluboltann og Framarann Ríkharð Daðason með á bekkinn og þá blómstraði Óskar Pétursson í Grindavíkurmarkinu eftir að hann fékk fyrirliðabandið á arminn eftir verslunarmannahelgina. Óskar fékk á sig 22 mörk í fyrstu 9 leikjunum en aðeins 11 mörk í 10 leikjum eftir að hann var gerður að fyrirliða. Óskar hefur átt marga frábæra leiki á lokaflönum og hefur með því bjargað mörgum stigum; þar á meðal hélt hann Grindavík á floti fram eftir leik í Eyjum.

Þá má ekki gleyma því að Páll Viðar Gíslason „fórnaði“ einum leik fyrir ferð til Hollands og eftir það náði Þórslíðið aðeins í 4 stig af 21 mögulegu. Liðið tapaði líka sex síðustu útleikjum sínum og fékk aðeins eitt stig í níu leikjum utan Þórsvallarinnar eftir sigur á Fram á Laugardalsvelli í byrjun maí.

ooj@frettabladid.is, hbg, gmi

0-0

Vodfonevöllurinn, áhorf.: 8 • Þóroddur Hjaltalin (4)

Eini leikurinn í sumar (22 í deild og 5 í bikar) sem KR náði ekki að skora.

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-12 (5-4)
Varin skot	Haraldur 3 - Hannes Þór 5
Horn	4-4
Aukaspjrnur fengnar	12-14
Rangstöður	1-4

VALUR 4-3-3	KR 4-3-3
Haraldur Björnsson 6	Hannes Þór Halldórs. 7
Jónas Tór Næs 6	Dofri Snorrason 6
Atli Sveinn Þórarinnsson 7	(74. Magnús Már) 5
*Halldór Kristinn 8	Skúli Jón Friðgeirsson 7
Brynjar Kristmundsson 4	Grétar Sigfinnur Sig. 7
(46. Pól Justinussen) 6	Guðmundur Reynir 5
Haukur Páll Sigurðsson 7	(10. Gunnar Þór) 5
Andri Fannar Stef. 6	Egill Jónsson 5
Sigurbjörn Hreiðars. 5	Bjarni Guðjónsson 6
(70. Kolbeinn Káras.) 4	Baldur Sigurðsson 6
Rúnar Már Sigurjónsson 4	Kjartan Henry Finnb. 5
(61. Arnar Sveinn) 4	Viktor Bjarki Amars. 5
Matthías Guðmundsson 6	(84. Torfi Karl Ólafsson) 5
Jón Vilhelm Ákason 6	Guðjón Baldvinsson 5

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: **696 5606**
rafsol@rafsol.is

RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is



Ávinningur í röðum

Orkulykillinn færir þér svo miklu meira en bara afslátt af ódýrasta* eldsneytinu.

Hafðu orkulykilinn á kippunni og tryggðu þér líka:

- 2 kr. afslátt hjá Orkunni
- 4 kr. afslátt hjá Shell
- 5 kr. afslátt á Ofurdögum
- 10 kr. afslátt í fyrstu 2 skiptin
- 10 kr. afslátt á afmælisdaginn
- Afslátt af bílavörum
- Afslátt af smurþjónustu
- Afslátt af bílapvotti
- Greiðslumöguleika á Stöðinni
- Orkuvernd (verðstefna Orkunnar)
- Reglulega endurgreiðsluleiki
- Sérmerkingar lykla

Sæktu um Orkulykilinn í dag á www.orkan.is

*Samkvæmt www.bensinverd.is



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!



SGURINN Í HÖFN Íris Sverrisdóttir fagnar sigrinum í leikslok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Haukakonur urðu Lengjubikarmeistarar í gær: Fundu gullmola í Jence

KÖRFUBOLTI Bjarni Magnússon byrjar vel með kvennalið Hauka því hann stýrði liðinu til 63-61 sigurs á Keflavík í fyrsta úrslitaleik vetrarins í Lengjubikar kvenna í gær.

Leikurinn var æsispennandi en Haukakonur voru sterkari á lokasprettinum, ekki síst þökk sé frábærri frammistöðu hinnar bandarísku Jence Ann Rhoads sem var með 34 stig, 10 fráköst og 5 stolna bolta í leiknum.

Íris Sverrisdóttir kom næst Rhoads með 11 stig en það fer ekki

á milli mála að Bjarni hefur fundið gullmola í Jence, sem hefur hækkað stigaskor sitt í hverjum leik og var með 30 stig að meðaltali í Lengjubikarnum.

Keflavík vann þrefalt á síðasta tímabili og þar á meðal þennan bikar. Jaleesa Butler var með 19 stig og 19 fráköst hjá Keflavík, Birna Valgarðsdóttir skoraði 16 stig og hin fimmtán ára gamal Sara Rún Hinriksdóttir var með 11 stig, þar á meðal sex stig í röð í lokaleikhlutunum þegar Keflavík vann upp forskot Haukanna. - 66j



KOLBEINN SIGÞÓRSSON Skiptir hér við félag sinn í gær. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Kolbeinn meiddist á ökkla: Verður ekki með í Portúgal

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson verður væntanlega ekki með íslenska landsliðinu í Portúgal í lokaleik liðsins í undankeppni EM, en hann skoraði einmitt sigurmarkið á móti Kýpur á dögnum.

Kolbeinn meiddist á hægri ökkla í 0-1 tapleik Ajax á móti Groningen í hollensku knattspyrnunni og haltraði af velli eftir 19 mínútur. Þetta verður þriðji A-landsleikur ársins sem Kolbeinn missir af vegna meiðsla. - 66j

Nýtt þjálfarateymi Víkinga: Helgi aðstoðar Ólaf hjá Víkingi

FÓTBOLTI Ólafur Þórðarson var tilkynntur sem næsti þjálfari Víkinga á lokahófi félagsins um helgina, en Víkingar féllu úr Pepsi-deildinni í ár.

Ólafur gerði þriggja ára samning við Víkinga. Það var einnig tilkynnt að hinn 37 ára gamli Helgi Sigurðsson yrði spilandistjórnari hans.

Ólafur þjálfaði síðast í b-deildinni sumarið 1999 og stýrði þá Fylki til yfirburðasigurs í deildinni. Fylkismenn fengu þá 16 stigum meira en Stjarnan, sem fylgdi þeim upp í úrvalsdeildina. - 66j



GUÐJÓN VALUR í stuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Meistaradeildin í handbolta: Guðjón Valur með átta í fyrri

HANDBOLTI Kiel og AG unnu fyrstu leiki sína í Meistaradeildinni um helgina, lærisveinar Dags Sigurðssonar í Fuchse Berlin urðu að sætta sig við 31-31 jafntefli við rússneska liðið Medvedi og Bjerringbro-Silkeborg tapaði 27-30 fyrir Atletico Madrid.

Fuchse Berlin komst mest fimm mörkum yfir í Rússlandi en missti leikinn niður í jafntefli í lokin. AG vann 31-25 útisigur á Partizan Belgrad í Serbíu þar sem Guðjón Valur Sigurðsson skoraði öll átta mörkin sín í fyrri hálfleiknum, en AG var 16-12 yfir í hálfleik.

Kiel vann 38-26 sigur á Pick Szeged í Ungverjalandi en Aron Pálmarsson lék ekki með vegna meiðsla og þjálfarinn Alfred Gíslason var í leikbanni.

Guðmundur Árni Ólafsson og félagar stóðu í spænsku meisturinum í Atletico Madrid og voru meðal annars 16-15 yfir í hálfleik. - 66j

HEIMSENDIR ER Í NÁND!

Tryggðu þér áskrift í tíma



HEIMSENDIR

HEFST 9. OKTÓBER

Glæný þáttaröð frá þeim sömu og færðu okkur Næturvaktina, Dagvaktina og Fangavaktina.

HEFST 24. OKTÓBER

GLEE
Ferskur og einn mest umtalandi þátturinn í heiminum í dag.

ÞRIÐJUDAGA

CHUCK
Tölvunörðinn og ofurhetjan Chuck Bartowski er mættur aftur.

ÞRIÐJUDAGA

TERRA NOVA
Ný og spennandi ævintýrabáttaröð úr smíðju Steven Spielberg.

HEFST 5. OKTÓBER

GREY'S ANATOMY
Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 frá upphafi.

HEFST 19. OKTÓBER

MEDIUM
Ótrúlega spennandi þáttur með Patriciu Arquette.

HEFST 20. OKTÓBER

HELL'S KITCHEN
Gordon Ramsey, kölski kokkanna snýr aftur í eldhúsið.

FÖSTUDAGA

TÝNDA KYNSLÓÐIN
Björn Bragi og Þórunn Antonía í ferska skemmtipættinum í dag.

FÖSTUDAGA

SPURNINGABOMBAN
Logi Bergmann í lauffléttum og skemmtilegum spurningaþætti.

FÖSTUDAGA

THE X-FACTOR
Simon Cowell fer á kostum í sjónvarpsviðburði vetrarins.

LAUGARDAGA

SPAUGSTOFAN
Þeir eru mættir aftur. Endurnærðir og ferskir sem aldrei fyrr.

15. OKTÓBER

THE INTERNATIONAL
Æsispennandi kvikmynd mynd með Clive Owen og Naomi Watts.

TALSETT BARNAEFNI Á HVERJUM DEGI

HEFST 30. OKTÓBER

THE MENTALIST
Spennuþáttur af bestu gerð.

HEFST 30. OKTÓBER

MAD MEN
Hann er kominn aftur. Margverðlaunaður og aldrei betri.

60 MINUTES SUNNUGAGA

60 MINUTES
Virtasti og vinsælasti fréttaskýringaþáttur heims.

Þú færð meira fyrir peningana með áskrift að Stöð 2 því Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bíó og plúsrásirnar fylgja frítt með fyrir aðeins **237 kr. á dag**

ÞAD ER ÖDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

Boðgreiðslutilboð VISA
Ef þú gerist áskrifandi og greiðir með VISA kreditkortinu færðu allt að 30% afslátt.
10% aukaafsláttur í þriðja mánuði.
12 vinsælustu fjölvarpsstöðvarnar fylgja frítt með fyrsta mánuðinn.
Gildir til 3. október.



FRAMARAR BYRJA VEL Leikmenn Fram fagna sigri á Haukum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skelfileg byrjun Hauka í síðari hálfleik kostaði sigur gegn Fram í N1-deild karla: Framarar með fullt hús á toppnum

HANDBOLTI Framarar unnu frábæran sigur gegn Haukum, 23-22, í annarri umferð N1-deildar karla í gær, en leikurinn fór fram að Ásvöllum. Haukar höfðu yfirhöndina í fyrri hálfleiknum en skelfileg byrjun heimamanna í þeim síðari kostaði þá sigurinn.

„Þetta var óþarfa dramatík í lokin því mér fannst við vera komnir með sigurinn í hendurnar,“ sagði Sigurður Eggertsson, leikmaður Fram, eftir sigurinn í gær.

„Það er fínt að vera komnir með fjögur stig frá Hafnarfirðinum eftir tvær umferðir en ég þoli

samt ekki að spila hér á Ásvöllum. Vörnin small saman í síðari hálfleik og það lagði grunninn að þessum sigri.“

„Það er mjög svekkjandi að tapa með einu marki á heimavelli,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn í gær.

Haukar voru 13-10 yfir í hálfleik en skoruðu síðan aðeins 1 mark á fyrstu 18 mínútum síðari hálfleiksins. Á meðan náðu Framarar mest 19-14 forystu.

„Við vissum alveg fyrir fram að þetta yrði erfiður leikur, þar sem Framarar eru með frábært lið og

góðan mannskap. Við spiluðum alveg ágætlega í byrjun leiksins og í raun allan fyrri hálfleikinn, en fyrsta korterið af síðari hálfleiknum varð okkur algerlega að falli. Þetta var frábær sigur á mjög erfiðum útivelli,“ sagði Jóhann Gunnar Einarsson, leikmaður Fram, eftir sigurinn.

„Við erum með fullt hús stiga eftir tvo erfiða útileiki og það er erfitt að biðja um betri byrjun. Vörnin var geðveik í seinni hálfleiknum og Magnús varði frábælega í markinu fyrir aftan okkur.“

- sáþ

ÚRSLIT Í GÆR

N1-deild karla

Haukar - Fram 22-23 (13-10)

Mörk Hauka (skot): Stefán Rafn Sigurmannsson 6/3 (14/3), Freyr Brynjarsson 5 (6), Heimir Óli Heimisson 3 (3), Nemanja Malovic 3 (9), Tjörvi Þorgeirsson 2 (7), Sveinn Þorgeirsson 2 (6), Gylfi Gylfason 1 (3).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 12/2 (27/4, 44%), Birkir Ívar Guðmundsson 6/1 (15/1, 40%).

Hraðaupphlaup: 3 (Gylfi, Freyr og Sveinn)

Fiskuð víti: 4 (Malovic, Freyr og Gylfi).

Mörk Fram (skot): Sigurður Eggertsson 5 (8), Jóhann Gunnar Einarsson 3 (7), Einar Rafn Eiðsson 3/1 (10/3), Jóhann Karl Reynisson 3 (4), Ægir Hrafn Jónsson 3 (3), Stefán Stefánsson 3 (4), Ingimundur Ingimundarson 1 (2), Sigfús Páll Sigfússon 1 (4), Halldór Sigfússon 0/1 (0/2).

Varin skot: Sebastian Alexandersson 5 (18/2, 28%), Magnús Erlendsson 6 (14/1, 42%)

Hraðaupphlaupsmörk: 4 (Stefán 2, Jóhann Karl og Sigurður).

Fiskuð víti: 4 (Sigurður 2, Ægir og Stefán)

STAÐAN Í DEILDINN

Fram	2	2	0	0	51-45	4
Valur	2	1	1	0	46-41	3
Haukar	1	1	0	0	49-45	2
FH	2	1	0	1	47-48	2
Akureyri	2	1	0	1	51-44	2
HK	2	1	0	1	47-49	2
Grótta	2	0	1	1	43-46	1
Afturelding	2	0	0	2	40-56	0

N1-deild kvenna

ÍBV - Gróttá 25-24 (15-15)

Markahæstar: Ester Óskarsdóttir 7, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 6, Krístrún Hlynsdóttir 4, Mariana Trbojevic 4 - Sunna María Einarisd.10.

FH - Haukar 31-28 (12-12)

Markahæstar: Ingibjörg Pálmadóttir 8, Birna Íris Helgadóttir 7, Krístrún Steinþórsdóttir 6 - Sandra Sif Sigurjónsdóttir 9, Viktoría Valdimarsdóttir 5.

Fram - HK 22-28 (10-14)

Markahæstar: Elísabet Gunnarsdóttir 8, Ásta Birna Gunnarsdóttir 5 - Elva Björg Arnarsdóttir 7, Brynja Magnúsdóttir 6, Elisa Ósk Viðarsdóttir 5.

Stjarnan - Valur 20-28 (7-10)

Markahæstar: Jóna Margrét Ragnarsd. 6, Sólveig Lára Kjærnested 6 - Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 6, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6, Ragnhildur Guðmundsdóttir 5, Karólína B. Gunnarsdóttir 5.

Enska úrvalsdeildin

Everton - Liverpool 0-2

0-1 Andy Carroll (71.), 0-2 Luis Suárez (82.)

Aston Villa - Wigan 2-0

1-0 Gabriel Agbonlahor (36.), 2-0 Darren Bent (62.)

Blackburn - Manchester City 0-4

0-1 Adam Johnson (56.), 0-2 Mario Balotelli (60.), 0-3 Samir Nasri (73.), 0-4 Stefan Savic (87.)

Manchester United - Norwich 2-0

1-0 Anderson (68.), 2-0 Danny Welbeck (87.)

Sunderland - West Bromwich 2-2

0-1 James Morrison (4.), 0-2 Shane Long (6.), 1-2 Nicklas Bendtner (24.), 2-2 Elmohamady (26.)

Wolves - Newcastle 1-2

0-1 Demba Ba (17.), 0-2 Jonas Gutierrez (38.), 1-2 Steven Fletcher (88.)

Bolton - Chelsea 1-5

0-1 Daniel Sturridge (2.), 0-2 Frank Lampard (15.), Daniel Sturridge (25.), 0-4 Lampard (27.), 1-4 Dedryk Boyata (46.), 1-5 Lampard (59.)

Fulham - Queens Park Rangers 6-0

1-0 Andy Johnson (2.), 2-0 Danny Murphy (20.), 3-0 Johnson (37.), 4-0 Johnson (59.), 5-0 Clint Dempsey (65.), 6-0 Bobby Zamora (73.)

Swansea - Stoke 2-0

1-0 Scott Sinclair (9.), 2-0 Danny Graham (85.)

Tottenham - Arsenal 2-1

1-0 Rafael van der Vaart (40.), 1-1 Aaron Ramsey (51.), 2-1 Kyle Walker (72.)

STAÐA EFSTU LIÐA

Man. United	7	6	1	0	24 - 5	19
Man. City	7	6	1	0	23 - 5	19
Chelsea	7	5	1	1	17 - 8	16
Newcastle	7	4	3	0	9 - 4	15
Liverpool	7	4	1	2	10 - 8	13
Tottenham	6	4	0	2	11 - 10	12
Aston Villa	7	2	5	0	9 - 5	11
Stoke	7	2	3	2	4 - 8	9
Norwich	7	2	2	3	7 - 10	8
Swansea	7	2	2	3	6 - 9	8
QPR	7	2	2	3	5 - 13	8
Fulham	7	1	4	2	10 - 7	7
Everton	6	2	1	3	6 - 8	7
Wolves	7	2	1	4	6 - 10	7
Arsenal	7	2	1	4	10 - 16	7

Vörudreifing

Vöruhýsing

Fyrirtækjaþjónusta

Sendlaþjónusta

Auglýsingaþóstur

Viðskiptapakkar til útlanda

Fyrirtækjalausnir Póstsins er nýtt heiti yfir alla þá þjónustu sem Pósturinn veitir fyrirtækjum. Allt frá því að koma með og sækja póstinn á vinnustaðinn daglega yfir í að hýsa vörur fyrir fyrirtæki, pakka og svo senda.

Hafðu samband við Fyrirtækjalausnir Póstsins í síma **580 1090**. Sjáðu hvort við getum ekki sparað þér fyrirhöfn, tíma og peninga svo þú getir einbeitt þér að því að vinna, vinna, vinna ...



FYRIRTÆKJALAU SNIR



WVFA/HUBB/SLA - 11-0887

> Stöð 2 kl. 21.50 Injustice

Fyrri hluti vandaðrar og hörkuspennandi framhaldsmyndar um vináttu, samsæri, svik og morð. Aðalsöguhetjan er lögfræðingur sem dregst inn í morðmál sem tengist gömlum skólafélaga. Aðalhlutverkin leika James Purefoy, Dervla Kirwan og Nathaniel Parker.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON MINNIST LIÐINNA TÍMA

Upptökutækið og safnspólurnar

Ég hef aldrei halað einu né neinu niður, ég kann það ekki og hef hingað til ekki nennt að kynna mér það athæfi betur. Fyrir skemmstu varð mér hugsað til árunna fyrir fermingu, þá var dýrt að kaupa plötur, niðurhalið var fjarlægur draumur og því hlustaði ég á útvarpið til að svala tónlistarþörfinni. Stundum heyrði ég í útvarpinu lag sem mér þótti gripandi og sum lög þóttu mér jafnvel svo skemmtileg að mig langaði að geta spilað þau aftur.

Ég kom mér því upp safni af tómum spólum og geymdi alltaf eina í útvarpstækinu sem stóð á skrifborðinu mínu. Næst þegar þessi skemmtilegu lög hljómuðu stökk ég til og tók þau upp á kassettu.



Þegar kassettan var full af skemmtilegum lögum sorteraði ég þau. Ég færði rólegu lögin yfir á kassettu merka „Róleg lög“, dansvænu lögin á kassettu merka „Dans“. Hægt og rólega kom ég mér því upp mínum eigin Pottþétt plötum nema í formi kassetta.

Galli var þó á gjöf Njarðar því yfir flestum lögunum ómuðu auglýsingar af hvers kyns toga; tilboð á Carpe diem, DJ-kvöld á Tunglinu, Hrói Höttur var í pítsum bestur og Gallabuxna-búðin hafði fengið nýja sendingu af Jeess buxum. Nokkrum árum síðar færði ég mig þó yfir í geislasplara og geislaþlötur og hætti þá sjálfkrafa að taka upp lög á tómar spólur. En minningin um einfaldari tíma lifir enn.

RÚV

- 13.20 Silfur Egils (e)
- 14.40 Íslenski boltinn (e)
- 16.00 Landinn (e) Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land.
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Húrra fyrir Kela (44:52) (Hurray for Huckle)
- 17.43 Mærin Mæja (34:52) (Missy Mila Twisted Tales)
- 17.51 Artúr (15:20) (Arthur)
- 18.15 Táknálsfréttir
- 18.25 Doktor Ása (3:8) (Dr. Ása II) Sænsk þáttaröð um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Stefnuræða forsætisráðherra Bein útsending frá Alþingi þar sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er sýnt frá leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
- 23.00 Réttur er settur (14:25) (Raising the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skólafélaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti. Meðal leikenda eru Mark-Paul Gosselaar, Gloria Reuben, Currie Graham, Jane Kaczmarek og Melissa Sagemiller.
- 23.45 Fréttir
- 00.00 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Top Secret
- 10.00 Journey to the Center of the Earth
- 12.00 Artúr og Mínimóarnir
- 14.00 Top Secret
- 16.00 Journey to the Center of the Earth
- 18.00 Artúr og Mínimóarnir
- 20.00 The Things About My Folks
- 22.00 Bjarnfreðarson
- 00.00 Behind Enemy Lines: Colombia
- 02.00 Peaceful Warrior
- 04.00 Bjarnfreðarson
- 06.00 Little Nicky

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (45:175)
- 10.20 Smallville (20:22)
- 11.05 Mercy (6:22)
- 11.50 Wipeout USA
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (26:39)
- 14.00 American Idol (27:39)
- 14.50 ET Weekend
- 15.40 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (12:22)
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Næturvaktin
- 19.50 Ástríður (5:12)
- 20.20 Extreme Makeover: Home Edition (2:26)
- 21.05 Love Bites (8:8)
- 21.50 Injustice (1:2) Fyrri hluti vandaðrar og hörkuspennandi framhaldsmyndar um vináttu, samsæri, svik og morð. Á yfirborðinu virðist allt ganga upp hjá William Travers (James Purefoy), hann er virtur lögmaður og býr hamingjusamlega með konu sinni (Dervla Kirwan) í útjaðri Suffolk. Hann hefur hins vegar misst trúna á réttarkerfið og er að jafna sig eftir erfiða atburði úr fortíð hans þegar hann er dreginn inn í morðmál sem tengist gömlum félaga hans (Nathaniel Parker).
- 23.35 It's Always Sunny In Philadelphia (11:13)
- 23.55 Two and a Half Men (7:16)
- 00.20 Mike & Molly (3:24)
- 00.45 Chuck (3:24)
- 01.30 Terra Nova
- 02.55 Afterworld
- 03.20 Stuey
- 05.05 The Simpsons (12:22)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Spænski boltinn: Espanyol - Real Madrid
- 17.40 Spænski boltinn: Sporting - Barcelona
- 19.25 Þýski handboltinn: Magdeburg - Gummersbach
- 21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 21.55 Sterkasti maður
- 22.25 Dallas - Miami Útsending frá fjórða leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Tottenham - Arsenal
- 14.45 Wolves - Newcastle
- 16.35 Sunnudagsmessan
- 17.50 Premier League Review 2011/12
- 18.45 PL Classic Matches: Man United - Middlesbrough, 1996
- 19.15 Swansea - Stoke
- 21.00 Premier League Review 2011/12
- 22.00 Football League Show
- 22.30 Fulham - QPR

EXTRA

- 19.20 The Doctors (125:175)
- 20.05 Wonder Years (5:6)
- 20.35 Wonder Years (6:6)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Harry's Law (5:12)
- 22.35 The Killing (2:13)
- 23.25 Game of Thrones (7:10)
- 00.25 Næturvaktin
- 00.55 Ástríður (5:12)
- 01.25 Wonder Years (5:6)
- 01.50 Wonder Years (6:6)
- 02.15 The Doctors (125:175)
- 03.00 Sjáðu
- 03.25 Fréttir Stöðvar 2
- 04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.55 Game Tívi (3:14) (e)
- 17.25 Rachael Ray
- 18.10 Life Unexpected (4:13) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (10:48)
- 19.20 Rules of Engagement - OPIÐ (12:13) (e)
- 19.45 Will & Grace - OPIÐ (16:24)
- 20.10 Kitchen Nightmares - NYTT (1:13) Illgjarni matreiðslumaðurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa rekstri þeirra við.
- 21.00 Parenthood (7:22) Bráðskemmtileg þáttaröð sem er í senn myndin, hjartnæm og dramatisk. Adam neyðist til að taka erfiða ákvörðun er varðar fjármálin á meðan Sarah lendir í vandræðum í vinnunni.
- 21.45 CSI: New York (16:22)
- 22.35 Jimmy Kimmel - NYTT Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í spjallþættinum Jimmy Kimmel Live! Frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs. Jimmy lætur gamminn geysa og fær gesti sína til að taka þátt í ótrúlegustu upptökum.
- 23.20 Law & Order: Special Victims Unit (3:24) (e)
- 00.05 Outsourced (3:22) (e)
- 00.30 Psych (15:16) (e)
- 01.10 Will & Grace (16:24) (e)
- 01.30 Kitchen Nightmares (1:13) (e)
- 02.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.10 Justin Timberlake Open (4:4) 11.10 Golfing World 12.00 Justin Timberlake Open (4:4) 14.30 Alfred Dunhill Links Championship (2:4) 18.00 Golfing World 18.50 Justin Timberlake Open (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 US Open 2000 - Official Film 23.50 ESPN America

N4

- 18.15 Að norðan 18.30 2 gestir

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfreginir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfreginir 12.50 Dánarfreginir 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjörnumar 15.00 Fréttir 15.03 Útlit 15.05 Útlit 15.25 Fólkið og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfreginir 18.53 Dánarfreginir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfreginir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Tónlistarklúbburinn 23.05 Glæta 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

- 11.15 Fawley Towers 11.55 „Allo „Allo! 12.20 „Allo „Allo! 12.50 The Inspector Lynley Mysteries 13.35 The Inspector Lynley Mysteries 14.20 Keeping Up Appearances 14.50 Keeping Up Appearances 15.20 „Allo „Allo! 15.55 „Allo „Allo! 16.25 Fawley Towers 17.00 Fawley Towers 17.35 The Inspector Lynley Mysteries 18.25 The Inspector Lynley Mysteries 19.10 Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 QI 21.15 The Old Guys 21.50 Skavian 22.40 The Graham Norton Show 23.25 Top Gear 00.20 Live at the Apollo 01.05 QI

DR 1

- 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21 Søndag 11.30 Kæft, trit og knus 12.00 Blod, sved og T-shirts 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Kommissær Wycliffe 14.00 Benjamin Bjørn 14.15 Stor & Lille 14.30 Willas vilde dyr 15.00 Hercule Poirot 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Vores Liv: Bidt af naturen 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 Jamies australske kokkeskole 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Lewis 21.30 OBS 21.35 Blod, sved og T-shirts

NRK 1

- 11.00 Nyheter 11.05 Uteliv om høsten 11.35 Rallycross 12.00 Nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 Ut i naturen. Magasin 13.00 Nyheter 13.10 Dallas 14.00 Nyheter 14.10 Måttador 15.00 Nyheter 15.10 Tingenes tilstand 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Færveid 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsnytt 17.45 Puls 18.15 Jobben er livet 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsnytt 21.19.30 Schokk 20.00 Hvem tror du at du er? 21.00 Kveldsnytt 21.15 Miss Marple

svt1

- 11.10 Från Lark Rise till Candleford 12.10 Käre John 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Engelska Antikrundan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturnyheter 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Bam till varje pris? 18.55 Flugor 19.00 Lykke 19.55 Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer 20.00 Ensamkommande flyktningarn 20.30 Skolfrott 21.00 Damages 21.45 Starke man 22.15 Mördare okänd 00.00 Rapport 00.05 Landet runt

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Golf fyrir alla 2. 21.00 Frumkvöldar 21.30 Eldhús lambins

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|------------------------|----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útlit Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útlit Latibær | FM 105,5 Útlit Boðun |

ER TITILLINN KOMINN Í ÁSKRIFT Á OLD TRAFFORD?

ENSKI BOLTINN STÆRRI EN ALLT TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



Náttúrulegt, íslenskt „gul“

Alkemistinn framleiðir snyrtivörur fyrir bæði andlit og líkama. Fyrirtækið byggir á ævaforni grundvallarreglu gullgerðarlistar sem felst í því að aðskilja efni, eima þau og sameina aftur, og ná þannig fram bestu eiginleikunum. Allt hráefni er lífrænt ræktað og eingöngu hreint íslenskt vatn er notað við framleiðsluna. Engin litar- eða aukaefti eru í vörunum.


ALKEMISTINN er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kjósa Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, sem sína bækistöð.

www.alkemistinn.is



Ásbrú í Reykjanesbæ er kjörinn staður fyrir fyrirtæki á sviði tækni og heilsutengdrar þjónustu, auk fyrirtækja sem sjá hag sinn í nálægð við alþjóðaflugvöll.

Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.



Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is og hjá Kadeco sem hefur frá árinu 2006 leitt uppbyggingu á Ásbrú.



Próunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is



„Nýi upphaldspátturinn er allavega ekki Kexverksmiðjan! Síðast kollféll ég fyrir True Blood-seríunum, var að klára fjórðu seríu. Hún var reyndar orðin vel útpynt en nóg af berum heitum kroppum.“

Arnþrúður Dögg Sigurðardóttir, framleiðandi.

Fékk steypuklump í afmælisgjöf

„Það hefur verið hefð í vinarhópnum að gera eitthvað svona. Ég átti von á ýmsu en ekki akkúrat þessu,“ segir Páll Sveinsson, starfsmaður hugbúnaðarfyrirtækisins Hugvits.

Hann fékk klifurdót í fimmtugsafmælisgjöf frá vinum sínum, sem er ekki í frásögur færandi nema það að gjöfin var föst innan í risastórum 2,5 tonna steypuklumpi. Vinirnir festu uppátækið á filmu og settu á síðuna Youtube.

„Það óvenjulega við þessa gjöf er að hún er í rauninni pakki því hingað til hefur ekki tókast að gefa pakka heldur bara eitthvað sem ekkert gagn er að,“ segir Páll.

Steypuklumpurinn var fluttur í krana heim til Páls. Hamar og meitill fylgdu með en á endanum fékk hann gröfu til að brjóta klumpinn upp og komast að gjöfinni. Það tók um tvær

klukkustundir. „Hugmyndin var sú að ég yrði næsta hálfu árið að berja á þessu,“ segir Páll og hlær.

Hann minnst fertugsafmælis síns þegar hann fékk ísskrúfur sem eru notaðar til klifurs en böggull fylgdi því skammrifi. „Þær kosta alveg þokkalega mikinn pening en þeir fóru með ísskrúfurnar til járnsmíðs og suðu þær saman í skúlptúr þannig að þær urðu alveg gagnslausar. Það var rosalega svekkjandi.“

Páll og vinarhópur hans hefur gefið fleiri undarlegar „gjafir“ í gegnum tíðina. Húsið hjá einum þeirra var málað bleikt, annar fékk sex tonna stein fluttan heim til sín með afmælisgrafskrift og sá þriðji, sem er mikill skíðamaður, hélt að hann hefði dottið í lukkupottinn þegar leigð var þyrlla og flogið upp á Esjuna



ÓVENJULEG AFMÆLISGJÖF Páll Sveinsson fékk heldur betur óvenjulega afmælisgjöf þegar hann varð fimmtugur.

MYND/BERGRÚN ADDA PÁLSDÓTTIR

með skíði í farteskinu. Gleðin var skamvinn því hann var látinn labba niður á meðan vinir hans skíðuðu niður með bros á vör.

- fb

EDDA MAGNÚSDÓTTIR: ÞETTA ER BÚIN AÐ VERA MIKIL VINNA

Skipuleggur tónleikaröð í gömlu sláturhúsi í Bergen

Edda Magnúsdóttir er einn af þremur skipuleggjendum tónleikaradarinnar Perfect Sounds Forever sem verður haldin í fyrsta sinn 12. til 15. október í Bergen.

„Þetta er búin að vera mjög mikil vinna en fólk hefur tekið mjög vel á móti þessu,“ segir Edda, sem hefur búið í Noregi í fjögur ár. „Við erum búin að sækja um mjög mikið af styrkjum og erum búin að fá mikla peninga,“ segir hún ánægð en styrkirnir nema um fjórðum og hálfum milljónum íslenskra króna.

Fjórtnán hljómsveitir koma fram á tónleikaröðinni og aðeins ein þeirra er norsk. Ein hljómsveitin nefnist King Creosote & Jon Hopkins og var tilnefnd til Mercury-verðlaunanna fyrr á árinu.

Hin 25 ára Edda og tveir norskir samstarfsmenn hennar hafa öll mikla reynslu af tónleikahaldi og Edda hafði til að mynda yfirmensjón með því að bóka hljómsveitir fyrir stórt tónleikahús í Bergen. „Okkur langaði að gera eitthvað nýtt. Við erum búin að bóka mikið af útlenskum hljómsveitum en við einbeitum okkur að sjálfri tónlistinni. Það skiptir ekki máli hvort þetta eru risastórar eða pínulitlar hljómsveitir heldur þurfa þær að vera góðar.“

Tónleikaröðin fer fram í gömlu sláturhúsi í Bergen sem hefur verið breytt í tónleikastað og verða fimm hundruð miðar seldir á hvert kvöld. Perfect Sounds Forever er haldin á sama tíma og Iceland Airwaves en Edda vill ekki líkja þessum tveimur hátíðum saman, enda fer tónleikaröðin hennar fram á einum og sama staðnum. Aðspurð segir hún sína hátíð ekki vera í samkeppni við Airwaves. „Við hittum Grím [Atlason framkvæmdastjóra Airwaves] á by:Larm í febrúar og gáfum



SKIPULEGGUR TÓNLEIKARÖÐ Edda Magnúsdóttir og félagar hennar leggja gamalt sláturhús í Bergen undir nýja tónleikaröð.

honum nokkur góð ráð yfir norskir hljómsveitir sem hann gæti bókað. Við höfum séð þær allar á dagskránni á Airwaves, sem er mjög skemmtilegt. Honum leist greinilega vel á það sem við ráðlögðum honum.“ Ein hljómsveit kemur fram á báðum hátíðunum, eða Active Child frá Bandaríkjunum, sem Edda er mjög hrifin af.

Stefnt er á að halda Perfect Sounds Forever árlega héðan í frá og skipulagning er þegar hafin fyrir næsta ár. Fleiri tónleikar hafa einnig verið skipulagðir í gamla sláturhúsinu. „Þetta er allt í sláturhúsinu, sem er mjög furðulegt því tvö okkar erum grænmetisætur,“ segir hún og hlær.

freyr@frettabladid.is

SIGGI SIGURJÓNS ER

AFINN

Höfundur og leikstjóri er Bjarni Haukur Þórssón

„Sigurður Sigurjónsson er dásamlegur leikari og sýnir það enn og aftur“

„Það er dauður maðursem ekki hlær að Sigurði Sigurjónssyni þegar hann gerir það sem hann kann svo vel“

Áskriftarkortasalan í fullum gangi

„Skemmtileg sýning sem á örugglega eftir að kítla hláturtaugar áhorfenda um nokkurt skelið“

Tryggðu þér miða strax!

Fös 8/10 kl 20 ÖRVA SÆTI
Fim 13/10 kl 20 ÖRVA SÆTI
Fim 20/10 kl 20

MIÐASALA | 568-8000 | borgarleikhus.is



MARRAKESH CHIC

Haustlínan 2011

20% afsláttur er á öllum vörum frá Bobbi Brown til 5. október.

BOBBI BROWN

bobbibrown.com

Lyf & heilsa
Kringlunni

Hafa þurft að hafna tilboðum

„Vesturport er ekki á neinn vonarvöl, síður en svo. En þetta er allt spurning um á hvaða stað við viljum vera,“ segir Gísli Örn Gardarsón, forsvarsmáður leikhópsins Vesturport.

Fréttablaðið greindi frá því á föstudag að menningar- og ferðamálaráð hefði tekið fyrir erindi frá Vesturporti þar sem þess er farið á leit við Reykjavíkurborg að hún semji við leikhópinn til þriggja ára og myndi samningurinn hljóða upp á 6-8 milljónir. Gísli, sem var staddur í London þegar Fréttablaðið náði í hann, segir að það sé hefð fyrir slíkum þriggja ára styrk hjá Reykjavíkurborg, hann hafi hins vegar ekki verið veittur í dágóðan tíma. „Svona samningur eða styrkur myndi hjálpa okkur stórvægilega við að hafa starfið skipulagðara. Okkur standa mörg flott tækifæri til boða en við höfum

líka þurft að hafna mörgum góðum tilboðum.“

Gísli bætir því við að fjölmörg leikhús hafi sýnt því áhuga að vinna með Vesturporti eftir að leikhópurinn hlaut evrópsku leiklistarverðlaunin, þá hafi starfsemi Vesturports einnig opnað dyr hjá mörgum íslenskum leikurum og listamönnum. Og er þá nærtækast að líta til þeirrar sýningar sem Gísli leikstýrir um þessar mundir í London í Royal Shakespeare-leikhúsinu; Ólafur Darri leikur í sýningunni, Selma Björnsdóttir er aðstoðarleikstjóri, Högni Egilsson sér um tónlistina og Börkur Jónsson er leikmyndahönnuðurinn.

- fgg

HAFNA STARFIÐ SKIPULAGÐARA
Gísli Örn vill hafa starf Vesturports skipulagðara svo að leikhópurinn geti sinnt öllum þeim tilboðum sem honum berast.



FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN

Meiri Vísir.

vísir

Safnaðu þekkingu

Námskeiða á næstunni

Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst



MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
skráningarfrestur til 5. október

Skapandi hugsun – helstu aðferðir og grunnþjálfun
skráningarfrestur til 6. október

Lífsvefurinn – sjálfsþekkingarnámskeið fyrir konur
skráningarfrestur til 8. október

Krossferðir
skráningarfrestur til 10. október

Leikritun
skráningarfrestur til 11. október

Kvíði barna og unglunga – foreldranámskeið
skráningarfrestur til 11. október

Myndaalbúm og miðlun stafræna ljósmynda
skráningarfrestur til 11. október

Líf í alheimi
skráningarfrestur til 17. október

Heimur jazzins
skráningarfrestur til 19. október

Á framandi slóðum og kunnuglegum.
Um skáldverk Gyrðis Elíassonar
skráningarfrestur til 19. október

„Biindigen Anishinaabe – Komdu inn upprunalega mannvera“
skráningarfrestur til 19. október

TUNGUMÁL

Spænska II
skráningarfrestur til 17. október

Ítalska II
skráningarfrestur til 19. október

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Talnalykill: Staðal- og markbundið próf í stærðfræði
skráningarfrestur til 20. október

Þunglyndi ungmenna – einkenni og viðbrögð
skráningarfrestur til 20. október

NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Bættar ráðningaraðferðir og mælanlegt frammistöðumat
hefst 10. október

Stjórnun og leiðtogaþæfni
skráningarfrestur til 10. október

Ég, stjórnandinn
skráningarfrestur til 13. október

Stefnumörkun i umhverfismálum
skráningarfrestur til 19. október

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Arðsemismat verkefna – reiknilíkön í Excel
skráningarfrestur til 5. október

Greining ársreikninga
skráningarfrestur til 6. október

Þjónustusamningar – hagræðing í rekstri
skráningarfrestur til 11. október

Eignastýring lífeyrissjóða
skráningarfrestur til 11. október

Fjárhagsupplýsingakerfi
skráningarfrestur til 13. október

STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
skráningarfrestur til 19. október

Markviss framsögn
skráningarfrestur til 11. október

Árangursrík markmiðasetning
skráningarfrestur til 13. október

Gæðastjórnun – hugmyndafræði,
stefna, aðferðir og umbótastarf
skráningarfrestur til 18. október

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
skráningarfrestur til 7. október

Greining og meðferð átraskana
skráningarfrestur til 17. október

Öldrunarfræði: Stefnumótun og þjónusta
umsóknarfrestur til 17. október

HUGBÚNAÐUR

SQL fyrirspurnarmálið
skráningarfrestur til 12. október

Vefhönnun fyrir hönnuði
skráningarfrestur til 12. október

WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
skráningarfrestur til 14. október

Uppskrift að góðu innraneti
skráningarfrestur til 17. október



Allir sem sóttu námskeið hjá okkur frá febrúar 2010 til febrúar 2011 eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN


VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hittu Tarr á Kaffibarnum

Vel fór á með Björk Guðmunds-dóttur, eiginmanni hennar Matt-hew Barney, og ungverska leikstjóranum Béla Tarr á Kaffibarnum fyrir skömmu. Tarr er heiðursgestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík og munu þau Björk og Barney vera miklir aðdáendur hans. Tarr sat fyrir svörum að lokinni frumsýningu myndar sinnar Hesturinn frá Tórinó síðastliðinn þriðjudag og þar var Barney einmitt á meðal gesta.



Lokaumferðin á B5

Lokaumferðin í Pepsi-deild karla var spiluð á laugardag og um kvöldið gerðu félagin upp sumarið. Um nóttina fylltist svo miðbær Reykjavíkur af þrúðbúnum knattspyrnuköppum og leið flestra virtist liggja á skemmtistaðinn B5. Þar mátti sjá fyrirlíðana Bjarna Guðjónsson úr KR, Matthías Vilhjálmsson úr FH og Helga Sigurðsson úr Víkingi ásamt fjölmörgum öðrum. Það voru ekki aðeins leikmenn sem létu sjá sig heldur voru spekingarnir Hjórnar Hafliðason, Reynir Leósson og Hjörtur Hjartarson einnig á svæðinu ásamt dómurum Þóroddi Hjaltalín, Þorvaldi Árnason og Kristni Jakobssyni. Svo fjölbreyttur og fjölmennur var hópurinn að talað var um að hægt hefði verið að spila heila umferð í Pepsi-deildinni inni á skemmtistaðnum.



- fb, afb

Mest lesið **VÍSIR**

1. Sátu ekki undir ræðu forseta Íslands
2. Ekið á gangandi vegfarendur
3. Forsetinn verður að styðja alla hermenn
4. Ríflega 700 handteknir í mótmælum á Wall Street
5. Stefnir í kreppu út áratuginn

EIRÍKUR HAUSSON • EIVÖR • ERNA HRONN • FRÍÐRIK ÓMAR • GARDAR THÓR CORTES • GISSUR PÁLL • GUÐRÚN ÁRNÝ • GUÐRÚN GUNNARS • HEIDA ÓLAFS • HERA BJÖRK • JÓHANN FRÍÐGEIR • MARGRÉT EIR • RAGNAR BJARNASON • RAGNHEIÐUR GRONDAL • REGÍNA ÓSK • STEFÁN HILMARSSON • VALA GUÐNA • VÉDÍS HERVOR
STÓRHJÓMSVEIT FROSTRÓSA • KARLAKÓRINN FÓSTRÆÐUR • VOX FEMINAE • STÚLKNÁKÓR REYKJAVÍKUR • ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN • BARNAKÓR FROSTRÓSA
TÓNLISTARSTJÓRI: KARL O. OLGEIRSSON • STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON

Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi
kynnir einstaka tónleikaveislú í desember

IQARA
FROSTRÓSIR



Midásala hefst í dag
kl. 10:00 á midi.is og harpa.is

Allir helstu söngvarar Frostrósa frá upphafi flytja öll vinsælustu lögina á óviðjafnanlegum tónleikum í nýrri og glæsilegri umgjörð í Hörpu 3.-5. desember!



Sissel ásamt fremstu einsöngvurum þjóðarinnar, stórhjómsveit og kórum flytja helgustu perlur jólanna á einstökum hátíðartónleikum.

Stórsöngvarar Norðurlands sameinast Frostrósum á glæsilegum afmælistónleikum á Akureyri

29. nóv. Ólafsvík
30. nóv. Akranes
2. des. Reykjanesbaer
6. des. Selfoss

7. des. Vestmannaeyjar
8. des. Höfn
13. des. Egilsstaðir
14. des. Eskifjörður

15. des. Vopnafjörður
16. des. Ydalir
18. des. Yarmahlíð
20. des. Ísafjörður
21. des. Tálknafjörður

AFMÆLISTÓNLEIKAR FROSTRÓSA + FROSTRÓSIR KLASSÍK - 10% afsláttur er veittur ef keyptir eru miðar á báða viðburðina í Hörpu. Afslátturinn er aðeins veittur í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050 en virkar ekki á netinu.



Kringlan



Frostrósir sækja heim alla landshluta í tilefni af 10 ára afmælinu

Nánar á frostrósir.is

Office1

Fyrirtækjþjónusta

ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is